



Alþýðusamband Íslands

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
101 Reykjavík

Reykjavík, 27.11.2020
Tilvísun: 202011-0062

Efni: Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 323. mál, 151. löggj.þing

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til nýrra heildarlaga um fæðingar- og foreldraorlof. ASÍ átti fulltrúa í nefndinni sem kom að heildarendurskoðun laganna og sendi jafnframt umsögn um málið inn í Samráðsgátt á fyrri stigum. Frumvarpið er í öllum helstu atriðum eins og sú afurð var sem kom úr nefndinni. Það hefur þó tekið fáeinum breytingum eftir samráðsferlið í Samráðsgátt stjórnvalda og þar til það er lagt fyrir nú sem þingmál.

Þær breytingar sem voru gerðar eru jákvæðar að mati ASÍ og eru í samræmi við þau sjónarmið sem ASÍ hefur haldið á lofti á fyrri stigum.

Að öðru leyti hvað varðar afstöðu ASÍ vísast til umsagnarinnar, sem er hér meðfylgjandi, sem gefin var er málið var í Samráðsgátt.

f.h. ASÍ

Halldór Oddsson lögfr.
halldoro@asi.is / s. 5355600



Félagsmálaráðuneyti
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 06.10.2020
Tilvísun: 201908-0010

Efni: Frumvarp til nýrra heildarlaga um fæðingar- og foreldraorlof í Samráðsgátt - umsögn Alþýðusambands Íslands

I.

ASÍ átti, ásamt öðrum aðilum vinnumarkaðarins, fulltrúa í nefnd sem félags- og barnamálaráðherra skipaði árið 2019 og fékk það verkefni að endurskoða núgildandi lög um fæðingar- og foreldraorlof sem að grunninum til eru frá árinu 2000.

Markmið þessa frumvarps er í samræmi við upphaflegt markmið laganna frá árinu 2000. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að réttindi til fæðingar- og foreldraorlofs lengist í 12 mánuði skiptist jafnt niður á foreldra með einum framseljanlegum mánuði. Með þessu móti er börnum sem eiga tvö foreldri tryggð umönnun þeirra beggja fyrsta æviárið. Afstaða ASÍ er og hefur verið sú að meginmarkmið laganna um jafnrétti kynjanna annars vegar og velferð barna séu samrýmanleg og vel saman dregin í 2. gr. frumvarpsins. Jöfn umgengni og jöfn ábyrgð foreldra á upphafi lífsleiðar barns sem og í uppeldinu öllu sé bæði börnum og samfélaginu til góðs. ASÍ styður frumvarpsdrögin í öllum aðalatriðum. Afstaða ASÍ byggir á á sjónarmiðum um hagsmuni barna; áliti miðstjórnar ASÍ; rannsóknum á árangri jafnrar orlofsábyrgðar foreldra; og rýni á rannsóknum er lúta að jafnrétti á vinnumarkaði og innan veggja heimilisins. Niðurstaðan er því sú líkt og kemur fram í frumvarpsdrögunum að með því að tryggja rétt beggja foreldra hafi jákvæð og nauðsynleg áhrif á samfélagsleg viðhorf um mikilvægi hlutverks beggja foreldra og þá ekki síst feðra varðandi umönnunun barna. Í því samhengi er rétt að minna á lærdóm sögunnar sem er sá að flest stærri skref í átt til jafnréttis hafa mætt andstöðu er þau eru sett fram en í baksýnispeglinum þykja þau almennt langflest sjálfsgöð og eðlileg.

II.

ASÍ hefði kosið það og talið æskilegt að við vinnu frumvarpsins hefði verið litið með heildstæðari hætti á fyrstu æviár barna og fjallað einnig um málefni leikskóla og dagvistunar. Er það skýlaus krafa ASÍ að stjórnvöld verði að tryggja börnum leikskólaláss eða aðra örugga dagvistun frá 12 mánaða aldri, þ.e. strax í kjölfar fæðingarorlofs, eða að öðrum kosti lengja fæðingarorlofið enn frekar. Nú er staðan sú í flestum sveitarfélögum að börnum býðst ekki dagvistun fyrr en við tveggja ára aldur og sú staðreynd kallar á það að foreldrar flestra barna sem eru þátttakendur á vinnumarkaði verða að leita ýmissa erfiðra leiða til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Leiðir sem gjarnan fela í sér kynjahalla til viðbótar



við það álag sem slíkri stöðu fylgir enda allur gangur á því hvort að atvinnurekendur séu tilbúnir að koma til móts við foreldra umfram þau réttindi sem fæðingarorlofskerfið færir þeim sem eru þátttakendur á vinnumarkaði.

III.

Hvað varðar helstu nýmæli og nánar um önnur einstök efnisatriði er skoðun ASÍ eftirfarandi:

Skipting fæðingarorlofs á milli foreldra og réttindi einstæðra:

ASÍ fagnar því að réttur til fæðingarorlofs skuli lengdur upp í 12 mánuði. Órjúfanlegur hluti samfélags velferðar er að búa vel um réttindi foreldra og skapa börnum gott og stöðugt umhverfi til að alast upp í. Að því sögðu er rétt að ítreka hér mikilvægi þess að koma á heildstæðu kerfi þar sem ekki er bil á milli fæðingarorlofs og leikskóla/dagvistunar.

Um skiptingu fæðingarorlofsins á milli foreldra styður ASÍ það fyrirkomulag sem sett er upp í frumvarpsdrögunum um að réttinum sé skipt á milli en þó með þeim sveigjanleika að foreldri geti framselt einn mánuð réttar síns til hins foreldris og annað foreldrið því tekið sjö mánaða orlof henti það aðstæðum fjölskyldunnar betur.. Í samhengi við framangreint má nefna að m.v. tölfræði Fæðingarorlofssjóðs um nýtingu foreldra hingað til að nær allur sameiginlegur réttur hefur verið nýttur af mæðrum. Reynslan sýnir því fram á mikilvægi óframseljanlegs réttar í að tryggja að báðir foreldrar taki þátt í umönnun barna. Eins verður að hafa í huga að staða kynjanna á vinnumarkaði er ekki jöfn, þ.e. enn fyrirfinnst launamunur, vinnumarkaðurinn er að stórum hluta kynjaður og karlar virðast almennt eiga auðveldara með framgang í starfi. Öll skref í þá áttina að jafna heimilisábyrgð á milli karla og kvenna eru því jákvæð að mati ASÍ og stuðla að auknu jafnrétti á vinnumarkaði, í framgangi og launum.

Í frumvarpsdrögunum eru mikilvægar réttarbætur fyrir einstæða foreldra, þ.e. útvíkkuð eru þau tilvik sem heimila það að einstætt foreldri fái allan fæðingarorlofsréttinn. ASÍ telur mikilvægt að slíkt sé til staðar og í raun er fjölgað þeim hlutlægu tilvikum sem heimilar að flutningur eigi sér stað. Í þessu samhengi svo og öðru þarf þó að tryggja með reglulegri rýni á tölfræði um nýtingu réttarins að staða einstæðra foreldra og barna þeirra sé tryggð, en á það hefur skort í framkvæmd núgildandi laga. Ljóst er að einhverjir einstæðir foreldrar eiga á hættu að falla á milli skips og bryggju hér og geta ekki heimfært sín tilvik undir þau hlutlægu tilvik sem eru nefnd í lögunum. ASÍ telur því að fela ætti viðeigandi stjórnvaldi heimild til þess að úrskurða um flutning réttinda á milli foreldra ef sérstakar aðstæður eru uppi sem falla ekki inn í þau tilvik sem frumvarpsdrögin gera ráð fyrir.

Fjárhæðir skv. frumvarpsdrögunum

Nauðsynlegt er að tryggja öllum framfærslu á meðan á fæðingarorlofi stendur. ASÍ telur því nauðsynlegt að reglan um að fjárhæð fæðingarorlofsgreiðslna miðist við 80% af launum. Ljóst er að fyrir láglaunafólk er það stór bita að fá einungis 80% af launum sem fyrir vart duga til framfærslu. ASÍ hélt því til haga á meðan nefndin var að störfum að ekki ætti því að skerða tekjur láglaunafólks en reglur um slíkt náðu þó ekki inn í frumvarpsdrögin. Er þessu því haldið hér kyrfilega til haga og mun ASÍ krefjast þess áfram við þinglega meðferð málsins. ASÍ telur jafnframt að lágmarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði – sem og fæðingarstyrkur utan vinnumarkað – séu alltof lágir fjárhæðir og skorar á stjórnvöld að endurskoða það.



Tímabil fæðingarorlofstöku

Í frumvarpinu er kveðið á um að tímabil til nýtingu fæðingarorlofsréttar séu 18 mánuðir í stað 24 mánaða í núgildandi lögum. Rétt er að halda því til að haga að þessu hefur nokkrum sinnum verið breytt í tíð gildandi laga og er ekki að sjá af tölfræði annað en að lengri tími í þessum efnun hafi haft neikvæð áhrif á nýtingu fæðingarorlofsins. Rétt er að of þröngur rammi getur haft neikvæð áhrif á nýtingu en óumdeilanlega getur of rúmur tími líka haft neikvæð áhrif. Í öllu falli er æskilegt að rétturinn hafi verið tæmdur áður en barn fer í dagvistun og að viðmiðunartíminn miðist við það. Þar sem börn komast almennt ekki inn á leikskóla fyrr en við tveggja ára aldur er rétt að miða við að tímabilið sé 24 mánuðir á þessu stigi. Rétt er að endurskoða þetta og fleiri atriði reglulega í ljósi stöðu leikskóla- og dagvistunarmála er hverju sinni.

IV.

ASÍ mun halda framangreindum sjónarmiðum á lofti og áskilur sér rétt til að setja fram frekari sjónarmið við þinglega meðferð málsins.

f.h. ASÍ

Halldór Oddsson

halldoro@asi.is / s. 5355618

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Akureyri, 05.12.2020

Efni: Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 323. mál, 151. löggj.þing.

Undirritaður vill vekja athygli á 23. gr. frumvarpsins, Viðmiðunartímabil og útreikningur á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.

Í 23. greininni kemur m.a. fram:

„Hafi foreldri hins vegar kosið að dreifa greiðslum, í tengslum við tilvik sem falla undir a–e-lið 2. mgr. 22. gr., hlutfallslega á lengri tíma samhliða hlutastarfi eða leyfi, launuðu eða ólaunuðu, skal taka mið af þeim viðmiðunartekjum sem þær greiðslur miðuðust við í sama hlutfalli og greiðslurnar voru inntar af hendi á því viðmiðunartímabili sem um ræðir.“

Ástæða þess vakin er athygli á ákvæðum 23. greinarinnar er sú að hún getur myndað aðstæður sem eru afar ósanngjarnar og órökréttar. Þessar aðstæður skapast t.a.m. þegar seinna barn fæðist 18 mánuðum á eftir fyrra barni og 6 mánaða orlofsgreiðslum í fyrra fæðingarorlofi hefur verið dreift yfir 12 mánuði án þess að foreldri þiggi samhliða launatekjur í minnkuðu starfshlutfalli. Þetta fyrirkomulag leiðir sjálfkrafa til þess að orlofsgreiðslur seinna barns verða helmingi lægri heldur en fyrra barns. Óhjákvæmilega verða aðstæður seinna barns verri heldur en fyrra barns; annað hvort verður fæðingarorlofið helmingi styttra eða að fjárhagur fjölskyldunnar þrengist mjög mikið.

Að dreifa 6 mánaða orlofsgreiðslum yfir 12 mánuði er m.a. notað til þess að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla/dagvistunar.

Erfitt er að skilja hvaða rök liggja til þess að orlofsgreiðslur fyrir seinna barn þurfi að vera helmingi lægri ef fyrri 6 mánaða orlofsgreiðslum hafi verið dreift yfir 12 mánaða tímabil og börnin fæðast með 18 mánaða millibili. Afar ósanngjarnt er að þeim einstaklingum sem taka á sig mikla tekjuskerðingu með því að dreifa fyrra fæðingarorlofi sé sjálfkrafa refsað fyrir verknaðinn í seinna fæðingarorlofi.

Til eru leiðir til þess sníða af vankanta fyrir þessi undantekningar- og jaðartilfelli, þ.e. þar sem dreifðar orlofsgreiðslur fyrra orlofs eru innan 12 mánaða viðmiðunartímabils fyrir seinna fæðingarorlof. Það væri hægt t.a.m. með því að horfa til viðmiðunartekna við útreikning orlofsgreiðslna.

Áðurnefnd 23. grein myndi þá í breyttri mynd hljóða:

„Hafi foreldri hins vegar kosið að dreifa greiðslum, í tengslum við tilvik sem falla undir a–e-lið 2. mgr. 22. gr., hlutfallslega á lengri tíma samhliða hlutastarfi eða leyfi, launuðu eða ólaunuðu, skal taka mið af þeim viðmiðunartekjum sem þær greiðslur miðuðust við.“

Jafnframt getur þurft að gera greinarmun á milli foreldra sem hafa ákveðið að dreifa fæðingarorlofi sínu vegna eldra barns yfir á fleiri en sex mánuði, án þess að þiggja samhliða launatekjur í minnkuðu starfshlutfalli, og foreldra sem hafa í eldra fæðingarorlofi verið samhliða í hlutastarfi.

Lög um fæðingarorlof færðust nær markmiðum sínum og væru sanngjarnari ef heildarorlofsgreiðslur fyrir hvert barn yrðu þær sömu og væru óháðar tímalengd á milli barna eða hvort orlofsgreiðslum hafi verið dreift yfir lengra tímabil – að því gefnu mánaðarlegar atvinnutekjur foreldis séu ætíð þær sömu.

Virðingarfyllt,

Árni Gunnlaugsson

Ari Klængur Jónsson, doktor í lýðfræði og verkefnisstjóri á Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

Ársæll Már Arnarsson, prófessor og forseti deildar heilsueffingar, íþróttá og tómstunda, Háskóla Íslands

Ásdís A. Arnalds, doktor í félagsráðgjöf og starfandi forstöðumaður Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands

Guðný Björk Eydal, prófessor og forseti Félagsráðgjafardeildar, Háskóla Íslands

Ingólfur V. Gíslason, prófessor í félagsfræði, Háskóla Íslands

Kolbeinn Hólmur Stefánsson, lektor í félagsráðgjöf, Háskóla Íslands

Sigrún Júlíusdóttir, prófessor emeritus í félagsráðgjöf, Háskóla Íslands og fjölskylduráðgjafi hjá Tengsl/Samskiptastöðin.

Umsögn um 323 mál, frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof

Í frumvarpi til laga um fæðingar- og foreldraorlof er lagt til að heildarlengd fæðingarorlofs/fæðingarstyrks verði 12 mánuðir. Foreldrar geti nýtt sex mánuði hvort um sig, en þó verði heimilt að framselja einn mánuð á milli foreldra sé þess óskað.


Undirrituð telja þessar breytingar vera afar jákvæðar af nokkrum ástæðum:

1) Lenging orlofs

Fæðingarorlof á Íslandi hefur ávallt verið mun styttra en á hinum Norðurlöndunum en með þessu skrefi verður lengdin svipuð á öllum Norðurlöndum. Þess má einnig geta að heildartími fæðingarorlofs héraðs hefur verið styttri en í flestum OECD löndum.

2) Mikilvægi umönnunar beggja foreldra fyrir barn

Alþjóðlegar rannsóknir sýna að virk þátttaka beggja foreldra í umönnun barns hefur mjög jákvæð áhrif á alhliða þroska þess (sjá t.d. Cools, Fiva og Kirkebøen, 2015; Sarkadi, Kristiansson, Oberklaid og Bremberg, 2008). Ekkert er líklegt til að ýta undir þá virku þátttöku en orlofstaka beggja foreldra. Rannsóknir héraðs sýna að frá því feður öðluðust sjálfstæðan rétt til töku fæðingarorlofs hefur þátttaka þeirra í umönnun barna sinna aukist til muna. Í því sambandi má nefna að 44% foreldra sem áttu sitt fyrsta barn árið 1997 skiptu umönnun barnsins jafnt við þriggja ára aldur. Hlutfallið var 70% meðal foreldra sem áttu sitt fyrsta barn sex árum síðar, þ.e. eftir að feður höfðu öðlast sjálfstæðan rétt til töku þriggja mánaðar orlofs. Síðan þá hefur þátttaka feðra í umönnun barna sinna haldið áfram að vaxa. Þetta sést vel á mynd 1. Myndin sýnir hvernig foreldrar í sambúð eða hjónabandi, sem áttu sitt fyrsta barn árin 1997, 2003 og 2009, skiptu með sér umönnun barnsins í hverjum mánuði frá fæðingu barns og þar til það náði þriggja ára aldri (Arnalds, Eydal og Gíslason, 2013).



Mynd 1. Hvernig skiptu foreldrar í sambúð/hjónabandi með sér umönnun barns fyrstu þrjú æviárin

Þessar niðurstöður í eru samræmi við alþjóðlegar rannsóknir sem sýna að umönnunarþátttaka feðra, eftir að fæðingarorlofi lýkur, eykst með tilkomu sjálfstæðs réttar feðra til töku fæðingarorlofs (sjá t.d. (Kotsadam og Finseraas, 2011; Rege og Solli, 2013; Schober, 2014; Cools, Fiva og Kirkebøen, 2015). Þá kom fram í nýlegri skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar (Inchley o.fl., 2020) að íslensk ungmenni, af báðum kynjum, mátu samskipti sín við feður jákvæðari en börn frá öllum samanburðarlöndunum, 41 talsins. Rannsóknin náði til fyrstu árganganna sem nutu góðs af auknum rétti feðra til töku fæðingarorlofs og hafa rannsakendur leitt að því líkur að þessi árangur sé afleiðing af auknum möguleikum feðra til að annast um börn sín í kjölfar þess að þeir öðluðust sjálfstæðan rétt til töku orlofs. Nýlegar samanburðarrannsóknir á samskiptum foreldra og barna á Norðurlöndunum benda einnig til þess að tengsl séu milli lengdar fæðingarorlofs feðra og gæða tengslamyndunar þeirra við börn sín (Arnarsson o.fl., 2019).

3) Jafn réttur barna til umönnunar, óháð sambúðarformi foreldra

Sjálfstæður réttur tryggir börnum sem ekki alast upp á heimili beggja foreldra rétt til samvista við báða foreldra frá frumbersku. Löggjafinn hefur um áratuga skeið lagt áherslu á að börn eigi rétt á umönnun beggja foreldra, sbr. barnalög (nr. 76/2003), þingsályktun um mótun opinberrar fjölskyldustefnu (1997-1998) og Sáttmála um réttindi barns (Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013). Skv. núgildandi lögum um fæðingarorlof eiga öll börn rétt á jafnlöngu fæðingarorlofi því ef eingöngu er um eitt foreldri er að ræða þá fær það heildarfjöldi mánaða. Þá er einnig gert ráð fyrir því að ef foreldri getur ekki sinnt barni t.d. vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss eða afplánunar refsivistar þá er því heimilt að framselja rétt sinn til fæðingarorlofs til hins foreldrisins. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að ef ekki er hægt að feðra börn eða ef foreldri sætir nálgunarbanni sé einnig hægt að færa rétt til eins foreldris. Það er fagnaðarefni að millifærsla sé heimiluð í slíkum undantekninga-tilvikum. Skv. núgildandi lögum fara mæður einar með forsjá barns ef þær búa ekki með föður við

fæðingu og faðir getur ekki tekið fæðingarorlof nema með samþykki þeirra. Tölur frá Fæðingarorlofs-sjóði sýna að feður sem búa með börnum sínum taka frekar fæðingarorlof en feður sem deila ekki lögheimili með börnum sínum en þó er áhugavert að af þeim feðrum sem taka eitthvað orlof, er meðalfjöldi orlofsdaga ívið meiri meðal feðra sem ekki búa með börnum sínum en feðra sem það gera.

Innlendar rannsóknir sýna að frá því feður öðluðust sjálfstæðan rétt til töku fæðingarorlofs hefur sá tími sem feður, sem ekki búa með barnsmóður, verja í umönnun barna sinna aukist til muna (Arnalds, Eydal & Gíslason, 2013; Eydal, 2018; Lárusdóttir, Eydal og Arnalds, í ritrýni). Þar skiptir einnig máli að sameiginleg forsjá varð að meginreglu við skilnað eða sambúðarslit árið 2006. Feður taka æ ríkari þátt í umönnun barna sem þeir deila ekki lögheimili með og það færir í aukanna að börn dvelji jafnt hjá báðum foreldrum eftir skilnað eða sambúðarslit, og að nán fyrstu tengsl barns við föður endurspeglast áfram í traustum tengslum, líka eftir skilnað (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013). Fjöldi erlendra rannsókna, m.a. um velferð barna í kjölfar skilnaðar, sýnir glögglega að börnum sem eiga vísa umönnun beggja foreldra, þó að foreldrar þeirra séu ekki í parsambandi, farnast betur en börnum sem eiga brotið eða lítið samband við foreldri sem það býr ekki með (sjá t.d. Nielsen, 2018; Teubert og Pinquart, 2010). Lítið er þó til af erlendum rannsóknum á fæðingarorlofsnýtingu feðra sem ekki búa með barnsmóður en Duvander og Jans (2009) hafa sýnt fram á að í Svíþjóð var sterk fylgni milli tengsla þessa hóps feðra við börn sín þegar þau nálgust unglingsaldur og þess hvort þeir höfðu tekið fæðingarorlof. Af ofantöldu má ráða að fæðingarorlof feðra sem ekki búa með barnsmóður er afar mikilvægur hvati til þess að efla tilfinningasamband þeirra og barnanna ásamt sterkari ábyrgðarhvöt gagnvart uppeldi og umönnun þeirra til lengri tíma. Það er því mikilvægt að efla sérstaklega ráðgjöf við foreldra sem ekki búa saman við fæðingu barns eða slíta parsambandi á fyrstu æviárum barns um hvernig þeir geta best hagað orlofstöku beggja foreldra, barni til heilla.

Þá sýna rannsóknir að einstæðir foreldrar búa frekar við fátækt og viðkvæmar félagslegar aðstæður en foreldrar í sambúð/hjónabandi. Góð foreldrasamvinna dregur úr líkum á fjárhagserfiðleikum einstæðra foreldra þar sem hún tryggir báðum foreldrum betri tækifæri til stöðugar atvinnuþátttöku og tekjuöflunar (Nieuwenhuis og Maldonado, 2018). Rannsóknir hafa einnig sýnt að of löng fjarvera mæðra frá vinnumarkaði hefur mjög neikvæð áhrif á stöðu þeirra á vinnumarkaði (Nieuwenhuis, Need og Van der Kolk, 2017). Traust staða beggja foreldra á vinnumarkaði hefur jákvæð áhrif á velferð barns í bráð og lengd.


4) Dregur úr skilnaðartíðni

Þó að það sé ekki yfirlýst markmið laga um fæðingar- og foreldraorlof að draga úr skilnaðartíðni, þá hefur verið sýnt fram á að með tilkomu sjálfstæðs réttar til fæðingarorlofs dró úr skilnaðartíðni á Íslandi (Olafsson og Steingrímsdóttir, 2020). Ástæðan kann að liggja í aukinni ánægju foreldra með parsambandið vegna aukinnar þátttöku feðra í umönnun og heimilishaldi. Í því sambandi má benda á að að Kostdam og Finseraas (2011) komust að því að tilkoma sjálfstæðs fæðingarorlofs fyrir feður í Noregi varð til þess að draga úr ágreiningi foreldra um hvernig beri að skipta heimilisverkum. Sömuleiðis leiddi rannsókn Evertsson, Boye og Erman (2015) í ljós að því lengra fæðingarorlof sem nýtt var af feðrum í Svíþjóð, því ánægðari voru makar þeirra með það hvernig verkaskiptingu vegna umönnunar barna þeirra var háttað á heimilinu. Þannig má leiða líkur að því að fæðingarorlofstaka feðra auki samvinnu og samstöðu foreldra, sem aftur getur haft áhrif á stöðugleika sambandsins. Hérlandis hefur tíðni skilnaða og sambúðarslita verið hæst á fyrstu æviárum barns og því um afar mikilvægar niðurstöður að ræða sem sýna að samvinna foreldra er verndandi þáttur sem hlúa ber að. Ennfremur má benda á mikilvægi þess að draga úr líkum á sambúðarslitum foreldra þegar haft er í huga að börn á Íslandi, sem alast upp á heimilum með einu foreldri, búa frekar við fátækt en börn sem alast

upp á heimilum þar sem eru tveir foreldrar (Anton Örn Karlsson og Kolbeinn Stefánsson, 2016; Kolbeinn Stefánsson, 2019).

5) Jafn réttur beggja foreldra til orlofs - hvati til jafnari tengsla og ábyrgðar

Alþjóðleg reynsla (og rannsóknir) sýnir að tímabil orlofs sem er skiptanlegt verður að tímabili móður (sjá t.d. Moss, Duvander og Koslowski, 2019). Tölur Fæðingarorlofssjóðs (e.d.) sýna að þannig er því einnig háttáð héraendis. Feður á Íslandi hafa að meðaltali notað einmitt þann dagafjölda sem þeir eiga rétt til, sem sýnir hvernig sjálfstæður réttur til fæðingarorlofs verður að viðmiði um hvað skuli teljast hæfilegt (sjá mynd 2).



Mynd 2. Meðalfjöldi daga í fæðingarorlofi: Mæður og feður


Árið 2020 var sjálfstæður réttur hvors foreldris lengdur úr þremur mánuðum í fjóra og tíminn sem foreldrar geta skipt að vild stytur úr þremur mánuðum í tvo. Þar sem foreldrar hafa 24 mánuði til að taka út orlofsrétt sinn er of snemmt að bera saman meðalfjölda daga sem nýttir eru af foreldrum barna fædd 2019 og 2020. Tölur frá Fæðingarorlofssjóði (e.d.) yfir orlofsnýtingu fyrstu 9 mánuði ársins 2019 og 2020 gefa þó vísbindingar um að lenging á sjálfstæðum rétti foreldra úr þremur mánuðum í fjóra hafi orðið til þess að feður nýti fleiri daga. Fyrstu 9 mánuði ársins 2019 nýttu feður að meðaltali 61 dag en fyrstu 9 mánuði ársins 2020 nýttu feður að meðaltali 70 daga.

Sjálfstæður réttur beggja foreldra til fæðingarorlofs er þar af leiðandi forsenda þess að báðir foreldrar taki orlof. Þeim mun jafnari sem rétturinn er þeim mun jafnari verður notkun orlofsins. Það frumvarp sem hér liggur fyrir mun líklega þýða að mæður muni að jafnaði taka í heild um 7 mánaða orlof (auk sumarleyfis) og vera heima með barni alfarið eða að hluta fyrstu 7-8 mánuðina eftir fæðingu og feður taka svo við og taka sína 5 mánuði, að frátöldum þeim vikum sem foreldrar ákveða að verja saman strax eftir fæðingu. Það er einnig mikilvægt að hafa í huga að frelsi foreldra til að haga orlofstöku eins og þeim best hentar er óvída meira en á Íslandi, t.d. er mjög óvenjulegt að foreldrum sé frjálst að vera saman í fæðingarorlofi eins lengi og þeir kjósa eins og hér er (Gíslason, Eydal, Rostgaard, Brandt, Duvander og Lammi-Taskula, 2015; Koslowski, Blum, Dobrotić, Kaufman og Moss, 2020).

Spyrja má hvort tuttugu ára reynsla af töku orlofs feðra hafi ekki breytt hugarfari á þann veg að draga megi úr sjálfstæðum rétti án þess að það skerði orlofstöku feðra? Svarið er nei, ef marka má nýlega reynslu Norðmanna. Noregur var fyrst Norðurlanda til að lögleiða sérstakan rétt feðra til 4 vikna orlofs árið 1993. Árið 2014 ákvað ríkisstjórn undir forystu Ernu Solberg að draga úr þeim fjölda vikna sem feður áttu rétt á í fæðingarorlofi, úr 14 í 10 vikur. Afleiðingarnar voru þær að feður drógu umsvifalaust úr töku orlofs og því ákvað ríkisstjórn sömu flokka árið 2018 að fjölga orlofsvikum feðra aftur og nú í 15-19 vikur (eftir því hversu hátt hlutfall feður kjósa að fá greitt af fyrri tekjum – ef 100% þá 15 vikur en ef 80% þá 19) (Brandt og Kvande, 2020). Það var eins og við manninn mælt, um leið og réttur feðra jókst þá jókst orlofstaka þeirra aftur og hefur aldrei verið meiri en 2020 (NAV, 2020).

Í þessu sambandi er einnig rétt að minna á að viðtækur stuðningur hefur mælst við að orlofi sé jafnt skipt á milli foreldra. Í skýrslu Norrænu ráðherra nefndarinnar *State of Nordic fathers* kemur fram að 72% feðra og 73% mæðra á Norðurlöndunum eru sammála staðhæfingunni að skipta beri fæðingarorlofi jafnt milli foreldra. Tölulegar upplýsingar frá Promundo¹, sem vann skýrsluna fyrir Norrænu ráðherra nefndina, sýna að á Íslandi telja 84% feðra og 85% mæðra heppilegast að foreldrar skipti fæðingarorlofi jafnt á milli sín. Að reyndin er önnur bendir til að fleiri þættir en viljinn einn stjórni skiptingunni (Nordic Council of Ministers, 2019). Í könnun sem Gallup framkvæmdi á Íslandi 2003 kom reyndar fram að bæði atvinnurekendur og launþegar töldu töluvert erfiðara fyrir feður en mæður að taka 6 mánaða fæðingarorlof (Eydal og Gíslason, 2008). Skýr skipting fæðingarorlofs milli foreldra er þannig styrkur fyrir feður í samningaviðræðum á vinnumarkaði.

Að þessu sögðu er ljóst að sjálfstæður réttur til töku fæðingarorlofs væri lítill hvati til fæðingarorlofsnýtingar feðra ef greiðslur í fæðingarorlofi væru ekki tekjutengdar. Í kjölfar efnahagshruns var þak á greiðslur lækkað verulega og við það dró úr orlofstöku feðra. Síðan þá hefur þakið verið hækkað á ný og eru hámarksgræiðslur 600 þúsund krónur fyrir barn fætt 1. janúar 2019 eða síðar. Mynd 3 sýnir að feður sem eru með tekjur yfir þessari upphæð nýttu að meðaltali færri daga árið 2019 en feður með tekjur undir þakinu. Tekjulægstu feðurnir nýttu aftur á móti flesta daga, að meðaltali.



Mynd 3. Meðalfjöldi daga nýttir af feðrum barna fædd 2019, greindur eftir tekjuhópum

¹Ekki voru birtar upplýsingar um framkvæmd rannsóknarinnar og svarhlutfall, en alls svöruðu 7515 rannsókninni. Óskað hefur verið eftir upplýsingum um framkvæmd en þær hafa ekki borist.

6) Jafnrétti á vinnumarkaði

Staða mæðra og feðra er enn ólík á vinnumarkaði og er oft skýrð með meiri þátttöku mæðra en feðra í umönnun barna. Jafn réttur til fæðingarorlofs mun draga úr þeim mun sem er á nýtingu foreldra á orlofinu en jafnframt draga úr þeim mun sem er á þátttöku þeirra í umönnun barna eftir orlofið og þannig auka líkur á að fólk á vinnumarkaði verði metið á grundvelli einstaklingsbundinnar þekkingar og hæfileika frekar en á grunni staðalmynda um hegðun karla og kvenna. Rannsóknir á hvernig íslenskir foreldrar hafa hagað atvinnu- og umönnunarþátttöku barna sinna fyrstu þrjú árin eftir fæðingu barns, sýna að það hefur dregið saman með foreldrum bæði hvað varðar vinnutíma og atvinnuþátttöku (Eydal, 2008). Sömuleiðis sýna erlendar rannsóknir að tilkoma sjálfstæðs réttar feðra til töku fæðingarorlofs eykur líkurnar á því að mæður fari aftur í fulla vinnu eftir að hafa eignast barn (Farré og González, 2017; Kitterød og Rønsen, 2015). Mæður axla þó enn meginábyrgð á umönnun barna og aðlaga atvinnuþátttöku sína að þörfum heimilis á meðan feður halda sínu striki. Þannig sýnir t.d. grein Ásdísar Arnalds og samstarfsfólks mjög skýrt hvernig foreldrar brugðust við með ólíkum hætti í kjölfar bankakreppu þegar feður drógu úr töku fæðingarorlofs. Þá brúuðu mæður bilið milli orlofs og dagvistar með lengri fjarveru frá vinnumarkaði en mæður gerðu áður en þak á greiðslur í fæðingarorlofi var lækkað (Arnalds o.fl. 2019). Það er því afar mikilvægt að löggjöfin jafni enn frekar en nú er, rétt foreldra til fæðingarorlofs. Eins og bent var á þá er það afar óvenjulegt að feður taki það orlof sem foreldrar mega ráðstafa að eigin vild. Því gegnir jöfn skipting orlofs mikilvægu hlutverki í að stuðla að auknu jafnrétti karla og kvenna á vinnumarkaði og í einkalífi.

7) Áhrif á fæðingartíðni

Hérlandis hefur fæðingartíðni farið úr 2.221 í 1.743 á tíu ára tímabili, 2009-2019 (Hagstofa Íslands, e.d.). Hnignandi fæðingartíðni er áhyggjuefni vestrænna ríkja og talið er að jafnari verkaskipting á heimilinu geti stuðlað að því að konur eigi auðveldara með að samþætta launaða vinnu og fjölskyldulíf sem sé hvati til að eignast fleiri börn (Duvander og Andersson 2006; Neyer, Lappegård og Vignoli, 2013). Nýleg rannsókn þar sem borin er saman fæðingartíðni á Íslandi, í Noregi og Svíþjóð sýndi að í öllum þremur löndunum var líklegra að fólk eignaðist annað barn ef faðir hafði tekið fæðingarorlof (Duvander o.fl., 2019). Sömuleiðis sýndi rannsókn Ara K. Jónssonar að tilkoma laga um fæðingar- og foreldraorlof árið 2000 varð til að stöðva þá hnignun sem hafði verið í fæðingartíðni fram að setningu laganna og líkurnar á að fólk eignaðist sitt annað og þriðja barn jukust. Á hinn bóginn dró verulega úr fæðingartíðni á ný í kjölfar bankahruns, eftir að þak á greiðslur í fæðingarorlofi lækkaði og það dró úr fæðingarorlofstöku feðra (Jónsson, 2018).

Niðurstaða

Frumvarp til fæðingarorlofslaga, sem Páll Pétursson flutti fyrir hönd ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, um jafnan rétt beggja foreldra til fæðingaorlofs markaði tímamót í íslenskri sögu. Með því tók Ísland forystu meðal þjóða á sviði jafnréttismála og tryggði börnum sem aldrei fyrr umönnun beggja foreldra. Rannsóknir hafa enn sem komið er einkum beinst að áhrifum laganna á foreldra en einnig hefur komið í ljós að löggjöfin hefur haft afar jákvæð áhrif á tengsl íslenskra barna við feður sína. Margt er enn ókannað í því sambandi og t.d. verður áhugavert að fylgjast með hvernig fyrsta kynslóð þeirra barna sem nutu umönnunar beggja foreldra í kjölfar lagasetningarinnar árið 2000 tekst á við starfsval og foreldrahlutverk.

Íslenska fæðingarorlofskerfið varð strax fyrirmynd annarra þjóða sem hafa sótt í smiðju Íslands. Þeim löndum fjölgar ár frá ári sem feta í fótspor Íslands og veita feðrum sjálfstæðan rétt, en sem stendur eru það Japan og Kórea sem hafa gengið lengst í því efni. Bæði í rannsóknum og stefnumótun er vísað til íslenska líkansins (*the Icelandic Model*) og er þar átt við fæðingarorlofskerfið. Þau skref sem hér eru tekin munu vekja alþjóðaathygli og verða öðrum þjóðum hvatning til dáða. Þó frumvarpið varði fyrst og fremst hagsmuni barna og foreldra á Íslandi þá er mikilvægt að hafa áhrif þess á umheiminn einnig í huga.

Það er því okkar álit að samþykkt þessa frumvarps væri mikið heillaskref fyrir börn og foreldra á Íslandi, jafnrétti kynja og samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja.

Heimildir

- Anton Örn Karlsson og Kolbeinn Stefánsson. (2016). *Sárafatækt*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Arnalds, Á.A., Duvander A-Z., Eydal, G.B. og Gíslason, I.V. (2019). Constructing parenthood in times of crisis. *Journal of Family Studies*, doi: 10.1080/13229400.2019.1634622
- Arnalds, Á. A., Eydal, G. B. og Gíslason, I. V. (2013). Equal rights to paid parental leave and caring fathers – the case of Iceland. *Stjórnmal & stjórnsýsla*, 9(2), 323-344.
- Arnarsson, A., Portebny, T., Torsheim, T. og Eriksson, C. (2019). Time-trends in Nordic adolescents' communication with their parents. *Nordic Welfare Research*, 4(2), 88-100.
- Barnalög nr. 76/2003.
- Brandt, B. og Kvande, E. (2020). *Designing parental leave policy. The Norway model and the changing face of fatherhood*. Bristol: Bristol University Press.
- Cools, S., Fiva, J. H. og Kirkebøen, L. J. (2015). Causal effects of paternity leave on children and parents. *Scandinavian Journal of Economics*, 117(3), 801-828. doi: 10.1111/sjoe.12113
- Duvander, A. Z. og Andersson, G. (2006). Gender equality and fertility in Sweden: A study on the impact of the father's uptake of parental leave on continued childbearing. *Marriage and Family Review* 39:121-142.
- Duvander, A.-Z., og Jans, A.-C. (2009). Consequences of fathers' parental leave use: Evidence from Sweden. *Finnish Yearbook of Population Research*, 49–62.
- Duvander, A. Z., Lappegård, T., Andersen, S. N., Garðarsdóttir, Ó., Neyer, G. og Viklund, I. (2019). Parental leave policies and continued childbearing in Iceland, Norway and Sweden. *Demographic Research*, 40, 1501-1528.
- Evertsson, M., Boye, K. og Erman, J. (2016). *Fathers on call – A study on the sharing of care work among parents in Sweden. A mixed methods approach* (Families and Societies Working Paper Series No. 27). Stokkhólmur: Stockholms Universitet.
- Eydal, G. B. (2008). Policies promoting care from both parents - The case of Iceland. Í G. B. Eydal og I. V. Gíslason (ritsj.), *Equal rights to earn and care - parental leave in Iceland* (bls. 111–148). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Eydal, G. B. (2018). Policies and practices for single parents in Iceland. Í Nieuwenhuis, R. og Maldonado, L. C. (ristj.) *The triple bind of single-parent families. Resources, employment and policies to improve wellbeing* (bls. 383-400). Bristol: Policy Press.
- Eydal, G. B og Gíslason, I. V. (2008). Paid parental leave in Iceland: History and context. Í G. B. Eydal og I. V. Gíslason (Ritstj.) *Equal rights to earn and care. Paid parental leave in Iceland* (bls. 15-44). Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Farré, L. og González, L. (2017). The effects of paternity leave on fertility and labor market outcomes. *Economics Working Papers 1572*. Universitat Pompeu Fabra: Department of Economics and Business.
- Fæðingarorlofssjóður (e.d.). *Óbirtar tölulegar upplýsingar frá Fæðingarorlofssjóði*.

- Gíslason, I. V., Eydal, G. B., Rostgaard, T. R., Branth, B., Duvander A. Z. og Lammi-Taskula, J. (2015). Trends in parental leave in the Nordic countries: Has the forward march of gender equality halted? *Community, Work and Family*, 18(2), 167-181, DOI: 10.1080/13668803.2014.1002754.
- Hagstofa Íslands. (e.d.). *Talnaefni – Fæðingartíðni*. Sótt af: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__Faeddirdanir__Faaddir__faedingar/MAN05201.px
- Inchley, J., Currie, D., Budisavljevic, S., Torsheim, T., Jastad, A., Cosma, A., Kelly, C. og Arnarsson, A. M. (2020). *Spotlight on adolescent health and well-being: Findings from the 2017/18 Health Behaviour in School-aged Children (HBSC) Survey in Europe and Canada. Volume 1: Key findings*. Copenhagen: World Health Organization.
- Jónsson, A. K. (2018). Family policies, childbearing, and economic crisis: The case of Iceland. *Demographic Research*, 39(19), 561-592. doi: 10.4054/DemRes.2018.39.19
- Kitterød, R. H. og Rønsen, M. (2015). Gender-equalizing family policies and mothers' entry into paid work: Recent evidence from Norway. *Feminist Economics*, 21(1), 59–89. doi:10.1080/13545701.2014.927584
- Kolbeinn Stefánsson. (2019). *Lífskjör og fátækt barna á Íslandi, 2004-2016*. Reykjavík: Edda öndvegissetur.
- Koslowski, A., Blum, S., Dobrotić, I., Kaufman, G. og Moss, P. (2020). *International Review of Leave Policies and Related Research*. 2020. DOI: 10.18445/20200915-131331-0. Sótt af: <https://www.leavenetwork.org/annual-review-reports/review-2020/>
- Kotsadam, A. og Finseraas, H. (2011). The state intervenes in the battle of the sexes: Causal effects of paternity leave. *Social Science Research*, 40: 1611-1622.
- Lárusdóttir, Í. D., Eydal, G. B. og Arnalds, Á. A. (í ritrýni). *Shared care among parents living apart: Parental leave and care in lone-parent families in Iceland*. Óútgefið handrit.
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- Moss, P., Duvander, A-Z. og Koslowski, A. (2019). Introduction: much work still to do. Í P. Moss, A. Koslowski og A-Z. Duvander (ritstj.). *Parental leave and beyond. Recent international developments, current issues and future directions* (bls. 1-20). Bristol: Policy Press.
- NAV (Norsk Arbeids- og velferdsetaten). (2020). Aldri før har fedre tatt ut så mange dager med foreldrepenger. 24.09.2020. <https://www.nav.no/no/nav-og-samfunn/statistikk/familie-statistikk/nyheter/aldri-for-har-fedre-tatt-ut-sa-mange-dager-med-foreldrepenger>
- Neyer, G., Lappegård, T. og Vignoli, D. (2013). Gender equality and fertility: Which equality matters? *European Journal of Population* 29(3): 245-272.
- Nielsen, L. (2018). Joint versus sole physical custody: Outcomes for children independent of family income or parental conflict. *Journal of Child Custody*, 15(1), 35-54.
- Nieuwenhuis, R. og Maldonado, L. C. (ristj.). (2018). The triple bind of single-parent families: resources, employment and policies. In *The triple bind of single-parent families: resources, employment and policies to improve well-being* (bls. 1–30). Bristol: Policy Press.

- Nieuwenhuis, R., Need, A. og Van der Kolk, H. (2017). Is there such a thing as too long childcare leave? *International Journal of Sociology and Social Policy*, 37, 2-15.
- Nordic Council of Ministers. (2019). State of Nordic Fathers. Copenhagen: Nordic Council of Ministers. Sótt af: <https://www.norden.org/en/nordicfathers>
- Olafsson, A. og Steingrimsdóttir, H. (2020). How does daddy at home affect marital stability. *The Economic Journal*. Doi: 10.1093/ej/ueaa009
- Rege, M. og Solli, I. F. (2013). The impact of paternity leave on fathers' future earnings. *Demography*, 50, 2255–2277.
- Sarkadi, A., Kristiansson, R., Oberklaid, F. og Bremberg, S. (2008). Fathers' involvement and children's developmental outcomes: A systematic review of longitudinal studies. *Acta Paediatrica*, 97, 153-158.
- Schober, P. S. (2014). Parental leave and domestic work of mothers and fathers. A longitudinal study of two reforms in West Germany. *Journal of Social Policy*, 43, 351–372.
- Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir (2013). *Eftir skilnað: Um foreldrasamstarf og kynslóðasamskipti*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- Teubert, D., og Pinquart, M. (2010). The association between coparenting and child adjustment: A meta-analysis. *Parenting: Science and Practice*, 10(4), 286-307.
- Þingsályktun um móttun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu fjölskyldunnar. (1996-1997). 121. Löggjafarþing, 1996–1997. Þskj. 1230.

Velferðarnefnd
Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2020

Efni: Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof á 151. löggjafarþingi, 323. mál

Félags- og barnamálaráðherra skipaði starfshóp haustið 2019 sem falið var að endurskoða lög um fæðingar- og foreldraorlof í heild sinni. Fulltrúi Bandalags háskólamanna (BHM) sat í hópnum. Frumvarpið sem hér er fjallað um er í samræmi við niðurstöður starfshópsins, sem skilað var fyrr á árinu, en einnig hefur verið tekið tillit til fjölmargra ábendinga sem bárust þegar drög þess voru til kynningar í samráðsgátt stjórnvalda. Þá er efni og markmið frumvarpsins jafnframt í samræmi við niðurstöður fyrri starfshópa sem hafa fjallað um sama efni og breytingar sem áður hafa verið lagðar til. Ávallt hefur verið lagt til að réttur hvors foreldris til töku fæðingarorlofs yrði að mestu sjálfstæður.

Lenging í 12 mánuði er stórt framfaraskref fyrir börn og foreldra

BHM styður lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði og telur að með því sé stigið stórt framfaraskref fyrir börn og fjölskyldur þessa lands enda er fyrirkomulag fæðingarorlofsmála einn af hornsteinum jafnréttis milli kynja í íslensku samfélagi.

Markmið laganna er og hefur ávallt verið tvíþætt: Annars vegar að tryggja barni samvistir við báða foreldra og hins vegar að gera báðum foreldrum kleift að samræma fjölskyldulíf og þátttöku á vinnumarkaði. BHM styður þá tilhögun að hvort foreldri um sig fái 6 mánaða sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs en þó þannig að einn mánuður sé framseljanlegur til hins foreldrisins, sbr. 8. gr. laganna. Það er í samræmi við niðurstöðu áður nefnds starfshóps.

Stjórnvöld hafa stefnt að lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði í meira en áratug. Lenging úr 9 í 12 mánuði var samþykkt á 141. löggjafarþingi veturinn 2012 – 2013 en því miður

var hún dregin til baka fyrir gildistöku. Starfshópur félagsmálaráðherra um „*fram tíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum*,” sem BHM átti fulltrúa í, skilaði skýrslu til ráðherra í mars 2016 þar sem niðurstaðan var svipuð og sú lausn sem lögð er fram nú í frumvarpi til nýrra heildarlaga um fæðingar- og foreldraorlof.¹ Með skýrslunni fylgdi bókun fulltrúa BHM í starfshópnum þar sem fram kom að bandalagið styddi lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði og teldi að markmiðum laganna yrði best náð með því að skipta þeim mánuðum jafnt á milli foreldra.

Staða kynjanna á vinnumarkaði

Rannsóknir sýna að það sem eftir stendur af óútskýrðum launamun kynjanna megi að nokkru leyti rekja til fæðingarorlofstöku mæðra því löng fjarvera frá vinnu á fyrri hluta starfsævinnar hefur gjarnan neikvæð áhrif á stöðu einstaklinga á vinnumarkaði, þ.m.t. framgang í starfi og ævitekjumöguleika. Þá hafa rannsóknir sýnt að að feður verða fyrir beinum og óbeinum þrýstingi, m.a. frá vinnuveitendum, um að taka ekki fæðingarorlof umfram sjálfstæðan rétt sinn. Sá skýri lagalegi réttur feðra til fæðingarorlofs sem tryggður er með frumvarpi þessu mun auðvelda feðrum að krefjast réttar síns á vinnumarkaði.

Réttindi á vinnumarkaði eru almennt einstaklingsbundin og óframseljanleg. Á það til dæmis við um rétt til launa í veikindum og til orlofstöku. Hið sama á að gilda um fæðingarorlof en þó þannig að að heimild sé fyrir foreldri að framselja einn mánuð af sínu fæðingarorlofi til hins foreldrisins. Veitir slík heimild foreldrum ákveðið svigrúm við töku fæðingarorlofs án þess að vinna gegn meginmarkmiði laganna.

Einstæðir foreldrar


BHM styður tillögur til breytinga sem koma fram í 9. gr. frumvarpsins frá drögum að frumvarpi sem birt voru í samráðsgátt og þá viðbót sem nú er að finna frá því sem kveðið er á um í 8. gr. núgildandi laga. Mjög er til bóta að kveðið sé á um þau tilvik sem leitt geta til lengingar, framsals eða tilfærslu á sjálfstæðum rétti foreldris umfram þann mánuð sem telst

¹ Hópurinn lagði til 5 mánuði fyrir hvort foreldri og 2 mánuði til skiptanna sem í meirihluta tilvika myndi skila sömu nýtingu/niðurstöðu og samkvæmt því frumvarpi sem hér er kynnt, þ.e. að móðir nýti 7 mánuði en faðir 5 mánuði.

framseljanlegur milli foreldra. Er nú lagt til að við bætist ákvæði um að ef annað foreldri á hvorki rétt á fæðingarorlofi eða fæðingarstyrk hér á landi né erlendis færist rétturinn til hins foreldrisins. Einnig að við tiltekna aðstæður sé Vinnuálastofnun heimilt að færa ónýttan rétt forsjárlaus foreldris til forsjárforeldris að fenginni umsókn þar að lútandi og að undangenginni athugun stofnunarinnar. Sem fyrr segir er hér um að ræða jákvæðar breytingar til handa einstæðum foreldrum. BHM fagnar þeim áherslum.

Hámark greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði

BHM ítrekar mikilvægi þess að hækka hámarksgreiðslu fæðingarorlofs samkvæmt 1. mgr. 24. gr. frumvarpsins sem nú er kr. 600.000. Hámark mánaðarlegra greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði var kr. 535.700 fyrir efnahagshrunið 2008 en í kjölfar þess var hámarkið lækkað allverulega og fór lægst í kr. 300.000 til foreldra barna sem fæddust árið 2010. Hámark greiðslna í fæðingarorlofi er nú 48% lægra en árið 2007, sé miðað við fast verðlag.



Viðmiðunartímabil við útreikning á greiðslum

Í 23. gr. frumvarpsins kemur fram hvaða viðmiðunartímabil er stuðst við vegna útreiknings á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði. BHM gerir ekki athugasemd við þessa grein en leggur þó áherslu á að gengið verði úr skugga um að kórónuveirufaraldurinn hafi ekki íþyngjandi áhrif á viðmiðunartímabil einstaklinga. Frá því að faraldurinn hófst hafa stjórnvöld kynnt til sögunnar

fjölda efnahagsúrræða sem nýtast einstaklingum með beinum hætti. Má til dæmis nefna hlutastarfaleiðina, laun í sóttkví, tekjufallsstyrki og lokunarstyrki.

Benda má á að ákvæði með sambærilegu markmiði er að finna í lögum nr. 44/2020, um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðasjóð launa (framlenging hlutabótaleiðar). Þar kemur fram að launamanni er heimilt að óska eftir að miðað verði við annað tímabil við útreikning á viðmiðunartekjum.

Skert aðgengi að fæðingarþjónustu

Ástæða er til að fagna því að lagt sé til að veita sérstakan styrk vegna lélegs aðgengis að fæðingarþjónustu, sbr. 43. gr. BHM áréttar að fæðingarþjónusta í eða nærri heimabyggð er hluti af nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu um allt land. Fjarvera frá fjölskyldu vegna ónógrar þjónustu heima fyrir er ekki aðeins kostnaðarsöm heldur getur einnig leitt til óvissu og streitu og haft neikvæð áhrif á móður og barn.

Samantekt

BHM styður efni frumvarpsins og afgreiðslu þess á Alþingi fyrir áramót svo að lenging fæðingarorlofs í 12 mánuði geti tekið gildi 1. janúar 2021. Til mikils er að vinna.

Virðingarfyllt,

Andri Valur Ívarsson, lögmaður BHM

Karen Ósk Pétursdóttir, sérfræðingur BHM í kjara- og réttindamálum

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 6. desember 2020

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof (Þingskjal 375 — 323. mál, 151. löggj.)

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa haft ofangreint mál til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri við Alþingi:

Samtökin fagna auknum samanlögðum rétti foreldra til fæðingar- og foreldraorlofs sem kveðið er á um í frumvarpinu. Með lengingu fæðingarorlofs er stuðlað að lengri samveru barna við foreldra sína fyrsta æviárið sem er gríðarlega mikilvægt meðan börn eru að mynda geðtengsl og getur haft áhrif á líðan þeirra síðar á lífsleiðinni.

Barnaheill vilja þó benda á að betra hefði verið að hafa samráð um endurskoðun laganna við hagsmunasamtök barna og foreldra ekki síður en við aðila vinnumarkaðarins og telja að með því móti hefðu sjónarmið um skiptingu fæðingarorlofs á milli foreldra getað komið skýrar og fyrr fram en raunin varð.

Barnaheill leggja áherslu á að líta ætti á fæðingarorlof sem sjálfstæðan rétt barns til að vera í nálægð við foreldra sína í jafnlangan tíma óháð áunnum rétti, hjúskaparstöðu og öðrum aðstæðum foreldranna. Í núverandi lögum og í frumvarpi þessu er fæðingar- og foreldraorlof háð vinnumarkaðslöggjöf og í samræmi við áunninn rétt foreldra. Þar sem staða foreldra á vinnumarkaði er misjöfn er hætt við því að þeir eigi mismikinn rétt til orlofstöku sem hefur mögulega áhrif á töku á fæðingar- og foreldraorlofi. Með því getur skapast mismunun á milli barna þar sem þau njóta ekki öll jafnlangrar samvistar við foreldra sína og önnur börn og benda samtökin á 2 gr. Barnasáttmálans sem tryggir réttindi allra barna án mismununar og 3. gr. sáttmálans sem fjallar um að það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar ráðstafanir eru gerðar varðandi börn.

Barnaheill fagna því að brugðist hafi verið við gagnrýni samtakanna á samráðsstigi um styttingu ráðstöfunartímabils úr 24 mánuðum í 18 mánuði, og það fært til fyrra horfs, þ.e. að gert verður ráð fyrir að foreldrar geti áfram ráðstafað fæðingarorlofi sínu á 24 mánaða tímabili eftir fæðingu barns.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að eingöngu sé hægt að framselja einn mánuð milli foreldra sem annars fá hvort um sig sex mánuði til umráða. Aðstæður barna og fjölskyldna þeirra eru mismunandi og telja samtökin að skapa þurfi meiri sveigjanleika á meðal foreldra um það hvernig þeir skipta fæðingarorlofi/fæðingarstyrk á milli sín og tryggja þannig að öll börn fái tækifæri til að njóta samvista við annað foreldrið í jafn langan tíma burtséð frá hvernig skiptingin er á milli foreldra.

Rétturinn þarf að vera barnsins, að barnið njóti umönnunar og samvista foreldris í a.m.k. 12 mánuði. Rétt er þó að taka fram að Barnaheill styðja við þá jákvæðu þróun að barn njóti samvista við bæði foreldri sín sem jafnast og hvetja til þess að foreldrar taki jafna ábyrgð á samvistum við barnið fyrstu ár þess. Fram hefur komið í rannsóknum að jákvæð áhrif þess að feður taki aukinn þátt í umönnun barns á fyrstu mánuðum og árum í lífi þess eru mikil og birtast þau meðal annars



með því að börn sem hafa búið við jafnari umönnun foreldra búa almennt við betri líðan og sterkari sjálfsmynd.

Barnaheill hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja sérstaka áherslu á vernd barna gegn ofbeldi, bann við mismunun og að allar ákvarðanir sem varða börn séu teknar með það að leiðarljósi hvað þeim er fyrir bestu.

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2020

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 323. mál

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp um fæðingar- og foreldraorlof, mál 323. Frumvarpið byggir á vinnu nefndar sem skipuð var árið 2019 um að gera heildarendurskoðun á lögum 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof. BSRB átti fulltrúa í nefndinni, ásamt öðrum aðilum vinnumarkaðar og hagsmunaaðilum.

Í frumvarpinu eru ýmis atriði sem bandalagið fagnar. Má þar nefna lengingu fæðingarorlofs, aukin réttindi einstæðra foreldra, styrki til foreldra sem búa fjarri fæðingarþjónustu og lengri rétt foreldra til orlofs vegna fósturláts og andvanafæðingar. Einnig að Fæðingarorlofssjóður muni gefa út árlega tölulegar upplýsingar, m.a. um nýtingu foreldraorlofs sem og að lögin hafi verið endurskrifuð og kaflaskipting sé nú mun skýrari.

Lenging orlofs í 12 mánuði og skipting orlofs milli foreldra

BSRB fagnar sérstaklega þeim löngu tímabæra áfanga að fæðingarorlofið skuli nú lengt í 12 mánuði. Enn fremur styður BSRB þá skiptingu fæðingarorlofs milli foreldra sem lögð er til í 8. gr. frumvarpsins, þ.e. að meginreglan verði jöfn skipting en að einn mánuður verði framseljanlegur. BSRB hefur lengi verið þeirrar skoðunar að réttur til fæðingarorlofs eigi að skiptast jafnt á milli foreldra. Markmið laga um fæðingar- og foreldraorlof eru tvíþætt, annars vegar að tryggja samvistir barna við foreldra sína og hins vegar að gera konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Tölur frá Fæðingarorlofssjóði sýna að mæður nýta nánast allan sameiginlega réttinn og feður þann tíma sem þeim er úthlutað.¹ Tölur frá hinum Norðurlöndunum segja sömu sögu.²

Fæðingarorlofskerfið er hornsteinn jafnréttis, bæði á vinnumarkaði og í samfélaginu. Jöfn skipting orlofs mun stuðla að því að fjarvera beggja foreldra frá vinnumarkaði vegna barneigna verði jafn löng og áhrifin af tímabundnu brotthvarfi af vinnumarkaði þau sömu. Þá yrði slík aðgerð mikilvæg til að tryggja jafna möguleika foreldra til samveru með barni sínu og þátttöku í uppeldi barna og heimilishaldi. Í skýrslu starfshóps um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum frá 2016 var lagt til að fæðingarorlofið yrði lengt í áföngum frá 2019 til 2021. Í skýrslunni er tekið skýrt fram að æskilegt sé stefnt verði að því að skipta rétti til fæðingarorlofs jafnt á milli

¹ Svar félags- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Andrésí Inga Jónssyni um fæðingar- og foreldraorlof <<https://www.althingi.is/alttext/150/s/0241.html>>.

² Tölur og umfjöllun má m.a. sjá í nýrri skýrslu Kvenréttindafélags Íslands, Norges kvinneobby og Sveriges kvinneobby þar sem fæðingarorlofskerfi Norðurlandanna eru borin saman <<https://view.publitas.com/kvenrettindafelag/foraldradedig-mer-an-koksboardsfraga/page/1>>.

foreldra og vísað til hagsmuna fjölskyldna almennt og jafnréttissjónarmiða.³ Sjást þessi sjónarmið víða í greinargerðinni sem fylgja frumvarpinu.

Kvenréttindafélag Íslands, Femínísk fjármál, FKA- félag kvenna í atvinnulífinu, ASÍ, BHM og BSRB opnuðu nýlega vefsíðuna Betrafæðingarorlof.is. Þar má finna staðreyndir sem byggja á rannsóknum um fæðingarorlof á Íslandi og í nágrannalöndunum. Þessar rannsóknir sýna skýrt að þátttaka fedra í fæðingarorlofinu hefur haft afar jákvæð áhrif, meðal annars að fedur taka í auknum mæli þátt í umönnun barna sinna, það dregur úr skilnaðartíðni hjá ungum foreldrum og staða mæðra á vinnumarkaði hefur eflst. Bandalagið leggur því ríka áherslu á að byggt sé áfram á þeim góða grunni hefur skapast með kerfinu og stuðlað sé jafnari ábyrgð foreldra á umönnun barna sinna.

Réttur einstæðra foreldra

Í 9. gr. frumvarpsins er fjallað um þau tilvik þegar fæðingarorlof lengist eða réttur til orlofs er framseldur milli foreldra. Nokkur ný atriði falla þar undir skv. frumvarpinu og telur BSRB að þau séu öll til bóta. Þannig er fjallað um að ef barn verður ekki fedrað getur móðir fengið 12 mánaða fæðingarorlof, og ef annað foreldri sætir nálgunarbanni eða brottvísun af heimili getur réttur færst yfir til hins foreldris. BSRB fagnar einnig þeim viðbótum sem komu inn í frumvarpið eftir umsagnir bárust í samráðsgátt stjórnvalda, 7. og 8. mgr. 9. gr. Þar er lagt til í 7. mgr. að ef annað foreldri á ekki rétt til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks samkvæmt íslenskum eða erlendum lögum skuli réttur færast til hins foreldris. Þá er í 8. mgr. lagt til að ef fyrir liggur að annað foreldri muni ekki annast barnið sé Vinnumálastofnun heimilt að framselja orlof þess foreldris til hins foreldrisins. BSRB telur að þessar viðbætur séu verulega til bóta að því er varðar réttindi einstæðra foreldra og leggur til að þær fari óbreyttar í gegnum þingið.

Brúum umönnunarbilið

BSRB fagnar því að fallið hafi verið frá því að stytta tímabil til töku fæðingarorlofs úr 24 mánuðum í 18 mánuði, en bandalagið gerði athugasemdir við þetta í umsögn sem skilað var í samráðsgátt stjórnvalda, meðal annars með vísan til þess að fjölmörg sveitarfélög bjóða ekki upp á dagvistun frá 12 mánaða aldri. Þá bendir BSRB á að Ísland er eitt Norðurlandanna þar sem börn eiga ekki lögbundinn rétt til dagvistunar.⁴ Í þessu samhengi má nefna að starfshópurinn um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum lagði einnig til að öllum börnum yrði tryggt leikskólaláss við 12 mánaða aldur og að skipuð yrði sérstök verkefnisstjórn með fulltrúum ríkis og sveitarfélaga til að vinna að því.⁵ Þeirri tillögu hefur ekki verið fylgt eftir og kallar BSRB eftir því að dagvistunarmál verði tekin til skoðunar í félagsmálaráðuneytinu eða á Alþingi á ný.

³ Velferðarráðuneytið *Framtíðarstefna í fæðingarorlofsmálum. Tillögur starfshóps*, bls. 24. Aðgengilegt á <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/skyrslur2016/11032016_Framtidarstefna_i_daedingarorlofsmalum.pdf>.

⁴ Sonja Ýr Þorbergsdóttir *Skýrsla BSRB um dagvistunarræði* (2017) <https://www.bsrb.is/static/files/Utgefid_efni/skyrsla-bsrb-um-dagvistunarraedi-mai-2017.pdf>

⁵ Velferðarráðuneytið *Framtíðarstefna í fæðingarorlofsmálum. Tillögur starfshóps*, bls. 28. Aðgengilegt á <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/skyrslur2016/11032016_Framtidarstefna_i_daedingarorlofsmalum.pdf>.

Lágmarksgreiðslur óskertar

Í frumvarpinu eru engar breytingar lagðar til á greiðslum til foreldra í fæðingarorlofi. BSRB gerir ekki athugasemd við hámarksgreiðslurnar eins og þær eru nú, en telur þó eðlilegt að þær fylgi almennri launaþróun í landinu og hækki með reglulegu millibili. BSRB ítrekar fyrri kröfur um að greiðslur sem samsvara lágmarkslaunum verði óskertar, en nú miðast allar greiðslur við 80% af fyrri launum. Þann 1. janúar 2021 verða lágmarkslaun fyrir fullt starf á íslenskum vinnumarkaði 351.000 kr., og leggur bandalagið ríka áherslu á að foreldrar í láglaunastörfum fái óskert fæðingarorlof.

Að lokum

BSRB ítrekar stuðning sinn við lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði og jafna skiptingu milli foreldra, og hvetur til þess að frumvarpið verði að lögum með þeim breytingum sem lagðar eru til varðandi óskertar lágmarksgreiðslur.

Fyrir hönd BSRB,

A handwritten signature in blue ink that reads "Dagný Aradóttir Pind".

Dagný Aradóttir Pind
lögfræðingur



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sauðárkróki 3. desember 2020

Efni: Umsögn frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof. Þingskjal 375, 323. mál.

Bygðastofnun hefur fengið til umsagnar frumvarp til fæðingar- og foreldraorlof. Bygðastofnun sendi inn umsögn um málið þann 1. október sl. Þegar drög að frumvarpinu voru lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda og er hún meðfylgjandi.

Í umsögninni var lögð áhersla á það mat stofnunarinnar að í framlögðum drögum vantaði að tekið væri tillit til aðstæðna fæðandi kvenna og fjölskyldna þeirra sem búa fjarri fæðingarþjónustu. Í frumvarpinu er komið til móts við þetta sjónarmið með 43. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um sérstakan styrk vegna skerts aðgengis að fæðingarþjónustu eða eins og segir í umsögn með frumvarpinu „*Lagt er til að barnshafandi foreldri verði veittur sérstakur styrkur vegna skerts aðgengis að fæðingarþjónustu í þeim tilvikum þegar það þarf að mati sérfræðilæknis að dvelja fjarri heimili sínu í tiltekinn tíma, fyrir áætlaðan fæðingardag, í tengslum við nauðsynlega þjónustu vegna fæðingar barnsins.*“ Bygðastofnun fagnar þessari breytingu á frumvarpinu.

Ítrekað er, það sem kom fram í umsögn sem send var í samráðsgátt, að veður og færð, sérstaklega yfir vetrarmánuðina, geta hamlað för fólks á fæðingarstað. Bygðastofnun telur að nauðsynlegt að bætt sé við og kveðið sé skýrt á um að heimild í 43. gr. frumvarpsins taki tillit til þess að fjölskyldur geta þurft, vegna ótryggs veður og færðar, að búa í lengri eða skemmri tíma fjarri heimili sínu nálægt fæðingarstað til að tryggja öryggi móður og barns.

Um frekari rökstuðning vísast til áður innsendrar umsagnar um drög að frumvarpinu í samráðsgátt.

Virðingarfyllst
f.h. Bygðastofnunar

Sigurður Árnason



Sauðárkróki, 1. október 2020

Félagsmálaráðuneytið

Skógarhlíð 6

105 Reykjavík

Félagsmálaráðuneytið hefur til umsagnar í Samráðsgátt mál nr.195/2020, drög að frumvarpi til laga um fæðingar- og foreldraorlof.

Í þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024, sem Alþingi samþykkti samhljóða árið 2018 er lýst þeirri framtíðarsýn að í öllum landshlutum verði blómlegar byggðir og öflugir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættem lífskjörum landsmanna með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnutækifærum óháð efnahag og búsetu og að grunnþjónusta verði veitt íbúum sem mest í nærsamfélagi. Í aðgerðakafli áætlunarinnar, lið A.7. fæðingarþjónustu og mæðravernd, er verkefnismarkað að tryggja aðgengi að þjónustu vegna meðgöngu og fæðingar. Þá gerir tillagan einnig ráð fyrir því að aðgengi að almennri heilbrigðisþjónustu vegna meðgöngu verði skilgreint fyrir hvern landshluta auk þess sem öryggisþjónusta verði tryggð. Þar segir einnig: „Settar verði reglur um styrki til greiðslu ferðakostnaðar til foreldra sem bíða fæðingar barns fjarri heimabyggð.“ Sömu leiðis er gert ráð fyrir í A.18, skilgreining opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis, að jafna kostnað við að sækja einstaka þætti þjónustu á vegum ríkisins. Þá segir í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um heilbrigðismál að „Allir landsmenn eigi að fá notið góðrar þjónustu, óháð efnahag og búsetu.“

Að mati Byggingastofnunar vantar í frumvarpið að tekið sé tillit til aðstæðna fæðandi kvenna og fjölskyldna þeirra sem búa fjarri fæðingarþjónustu. Gera má ráð fyrir að allt að 10% mæðra á Íslandi búi í meira en klukkustundarfjarlægð frá fæðingarþjónustu. Víða er fjarlægðin margfalt meiri t.d. á sunnanverðum Vestfjörðum, Norðlandi vestra, norðausturlandi og suðausturlandi.¹ Þá geta veður, sérstaklega yfir vetrarmánuðina,

¹ https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skvrslur/iceland-health_memo_final_v4.pdf



hamlað för fólks á fæðingarstað og getur þannig stefnt lífi og heilsu verðandi móður og barns í hættu.

Byggðastofnun telur afar brýnt að tillit verði tekið til þeirra foreldra sem búa fjarri fæðingarþjónustu og þurfa þess vegna að dveljast tímabundið utan heimilis til að vera í öruggri nálægð við fæðingarþjónustu. Það er hægt t.d. með sérstöku viðbótarfæðingarorlofi foreldra meðan á biðtíma stendur fyrir þá foreldra sem búa fjarri fæðingarþjónustu sem skerði í engu almennt fæðingarorlof ásamt endurgreiðslu á dvalarkostnaði á meðan á bið stendur. Byggðastofnun er tilbúin að koma að vinnu við skilgreiningu á því hvaða svæði falli undir slíkar reglur.

Virðingarfyllst
f.h. Byggðastofnunar

Aðalsteinn Þorsteinsson
forstjóri

Fæðingarorlof. Gert upp á milli barna?

Í nýja frumvarpinu um fæðingar- og feðraorlof er rætt um að fæðingarorlof verði lengt í 12 mánuði en hingað til hafa þeir verið 9. Þeir munu skiptast þannig á milli foreldra að móðir og faðir fá sitthvora 5 mánuðina sem verði óframseljanlegir, en geta svo skipt á milli sín tveimur, (þetta á þó aðeins við þegar barn er feðrað). Þessari útfærslu er ætlað að efla þátttöku feðra í uppeldi barna sinna og þykir vera framfaraskref í umræðu um jafnréttisbaráttu kynjanna sem það og er. Þegar tillögurnar voru lagðar fram virðist mikilvægt atriði þó hafa gleymst og það er barnið sjálft.

Börnin sem enn eru týnd með nýrri lagasetningu

Börn sem fæðast giftum foreldrum eða fólki í sambúð munu njóta samvista með foreldri heima við samfelt fyrstu 12 mánuði lífsins en börn einstæðra foreldra fá, mörg hver, aðeins að njóta þeirra forréttinda fyrstu 5-7 mánuðina sem viðkomandi mun eiga rétt á, verði þetta frumvarp að lögum í óbreyttri mynd. Margir hafa eflaust spurt sig í þessu samhengi hver réttur barnsins sé og hvort ekki ætti að vera sjálfsgagt að tekið væri tillit til aðstæðna sem barnið býr við hverju sinni enda er fjölskyldumynstur ekki eins klippt og skorið og frumvarpið virðist gera ráð fyrir. Til að mynda er ekki alltaf hægt að stóla á aðkomu beggja foreldra þegar kemur að umönnun barnsins. Ekki vegna þess að foreldri sé látið, sæti fangelsisvistar eða sé ekki hæft til að hugsa um barnið heldur einfaldlega vegna þess að stundum verða börnin (óvar) til eftir stutt kynni aðila sem hafa ekki hist áður og hafa jafnvel ekki í hyggju að hittast aftur. Einnig þekkest vel að leiðir foreldra skilji á miðri meðgöngu af allskyns ástæðum eða að faðirinn reynist eiga eiginkonu í öðru bæjarfélagi, sé búsettur erlendis og svo má lengi telja. Í einhverjum slíkra tilfella er hætt við að aðkoma föðursins að umönnun barnsins verði lítil eða engin. Í slíkum tilfellum fær umönnunaraðilinn að hámarki 7 mánaða fæðingarorlof og hinir 5 falla niður með tilheyrandi sparnaði fyrir fæðingarorlofssjóð. Frumvarpið nær ekki til þessara barna og þau eru enn týnd með nýrri lagasetningu.

Hvatning til feðra að nýta sér rétt sinn

Markmið frumvarpsins er “að tryggja barni samvistir við báða foreldra” eins og kemur fram í 2. grein þess. Erfitt er að benda á raunhæfar leiðir til þess þegar aðstæður eru t.d. þær sem taldar voru upp hér að ofan, stundum er það einfaldlega ekki hægt. Einnig hefur verið fjallað um að nálguninni sé ætlað að virka sem hvatning fyrir feður til töku fæðingarorlofs enda taka þeir frekar styttra orlof en mæður og eru ástæðurnar í mörgum tilfellum fjárhagslegar. Ekki af því að þeir vilja ekki eða geta ekki verið með börnunum, heldur er það tekjumissirinn sem verður til þess að foreldrar velja að móðirin nýti meirihluta tímabilsins eða allt enda er hún í mörgum tilfellum tekjulægri en hann. Þannig að ef löggjafinn vildi raunverulega hvetja feður til að taka orlofið væri heppilegra að endurskoða greiðslufjárhæðir frekar en að ákveða og eyrnamerkja skiptingu orlofstímans fyrir foreldra.

Þrátt fyrir góðan ásetning þeirra sem frumvarpið sömdu er alveg ljóst að það mun aldrei nýtast öllum börnum á þann hátt sem lagt er upp með. Réttara væri að ríkið léti af

forsjárhyggjunn og treysti foreldrum alfarið til að sjá hvað sé þeim og þeirra barni fyrir bestu og bjóða barni eða börnum einstæðra mæðra upp á sama rétt og öðrum börnum.

Sem einstæðar mæður barna sem ekki fá að njóta sömu forréttinda og börn foreldra í sambúð og/eða færir um að nýta orlofið saman, viljum við hvetja stjórnvöld til að endurskoða frumvarpið og taka tillit til mismunandi fjölskyldugerða, þannig að komið sé til móts við þarfir allra barna.

Fanney Rún Ágústsdóttir og Hanna Lára Pálsdóttir.



UMSÖGN

Viðtakandi: **Velferðarnefnd Alþingis**

Sendandi: **Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins**

Dagsetning: **08.11.2020**

Efni: **Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof á 151. löggjafarþingi, 323. mál**

Frumvarpið byggir á vinnu starfshóps sem félags- og barnamálaráðherra skipaði haustið 2019 og hafði starfshópurinn það hlutverk að endurskoða lög um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, í heild sinni. Frumvarpið er í samræmi við niðurstöðu starfshópsins og jafnframt hefur verið tekið tilliti til fjölmargra ábendinga sem bárust þegar frumvarpsdrögin voru til kynningar í samráðsgátt stjórnvalda. Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins (FHSS) styður frumvarpsdrögin í öllum meginatriðum og fangar þeim margvíslegu breytingum sem frumvarpið hefur í för með sér, m.a. lengingu fæðingarorlofs, aukin réttindi einstæðra foreldra, styrki til foreldra sem búa fjarri fæðingarþjónustu o.fl.

FHSS vill þó hvetja nefndina til að taka til skoðunar breytingu á 14. gr. frumvarpsins um uppsöfnun og vernd réttinda en greinin kveður á um að fæðingarorlof reiknist til starfstíma við mat á starfstengdum réttindum, svo sem rétt til orlofstöku og lengingarorlofs samkvæmt kjarasamningum, starfsaldurshækkana, veikindaréttar, uppsagnarfrests og atvinnuleysisbóta. Í athugasemdum frumvarpsins við greina er tekið fram að hér sé ekki um tæmandi talningu að ræða þar sem síðar kann að verða samið um önnur réttindi en þau sem talin eru upp í ákvæðinu. FHSS leggur til að á eftir 1. málsl. 14. gr. bætist við nýr málslíður, svohljóðandi: *Starfsmaður í fæðingarorlofi skal jafnframt njóta kjara- og launatengdra þátta í kjarasamningi, svo sem eingreiðslna, persónuuppbóta og desemberuppbótar.*

Með þessum nýja málslíð væri komið í veg fyrir að starfsmenn gætu átt í hættu á því að vinnuveitandi semji sig undan þessum kjara- og launatengdum atriðum í kjarasamningi, sem almennt teljast vera sjálfsögð, þegar starfsmenn sem eru í fæðingarorlofi þurfa hvað mest á þeim að halda. Umrædd breyting myndi jafnframt stuðla enn frekar að launajafnrétti karla og kvenna, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, þar sem nokkuð hefur borið á því að konur frekar en karlar hafi m.a. ekki fengið greiddar eingreiðslur á meðan fæðingarorlofi stendur og hafa því oft á tíðum neyðst til töku sumarorlofs á miðju fæðingarorlofstímabili til hljóta þær. Þá telur FHSS að umrædd breyting muni auka gagnsæi laganna, minnka réttaróvissu og stuðla að jafnari nýtingu foreldra á skiptingu fæðingarorlofs.

FHSS er reiðubúið til að veita nánari upplýsingar um umsögnina ef þess er óskað af hálfu nefndarinnar.



Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is

Kópavogi 10. desember 2020.

Efni: Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 323. mál, þskj. 375, stjórnarfrumvarp.

Félags- og barnamálaráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 323. mál á 151. löggjafarþingi.

Félag íslenskra heimilislækna (FÍH) þakkar fyrir framkomið frumvarp og telur að það muni bæta stöðu margra foreldra. FÍH vill koma á framfæri tveimur ábendingum og athugasemdum varðandi fyrirliggjandi frumvarp:

Annars vegar telur FÍH að bæta þurfi stöðu þungaðra kvenna og fjölskyldna þeirra með því að gera þeim kleift að hefja töku fæðingarorlofs í 36. viku meðgöngu enda flestar þungaðar konur orðnar óvinnufærar á þeim tíma meðgöngunnar vegna þunga síns og meðgöngutengdra kvilla. Stór hluti þessara kvenna er háður veikindarétti hjá launagreiðanda sér til framfærslu á síðustu dögum og vikum meðgöngunnar. FÍH vill því leggja til að barnshafandi konum verði gert kleift að taka fæðingarorlof frá 36. viku meðgöngu, án þess að það skerði fæðingarorlofsrétt þeirra eftir fæðingu eins og verið hefur hingað til.

Hins vegar þykir FÍH nauðsynlegt að breyta ákvæðum frumvarpsins þannig að einstæðir foreldrar og börn þeirra verði ekki fyrir þeirri mismunun sem nú er í frumvarpinu með því að binda fæðingarorlofsréttinn við annað foreldrið.

Fulltrúar stjórnar FÍH eru að sjálfsögðu tilbúnir til að koma á fund velferðarnefndar til að ræða þessa umsögn frekar, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar FÍH,

Salóme Á. Arnardóttir, formaður.

Velferðarnefnd Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Skjal: F1802002
Hafnarfjörður, 28. Febrúar 2018

Umsögn

Fæðingar- og foreldraorlof (lenging fæðingarorlofs)
98. mál, lagafrumvarp, 148. Lögjafarþingi 2017-2018.

Félag um foreldrajafrétti fagnar frumvarpi þar sem lagt er til að sjálfstæður réttur foreldra til fæðingarorlofs verði lengdur úr þremur mánuðum í fimm mánuði.

Sjálfstæður réttur foreldra til fæðingarorlofs er líklega eitt stærsta skref sem stigið hefur verið í foreldrajafrétti á Íslandi frá árinu 1992 þegar sameiginleg forsjá varð fyrst möguleg.

Markmið laga um fæðingar- og foreldraorlof er að tryggja barni samvistir bæði við föður og móður og jafnframt að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Þessi tvö markmið laganna eru samhangandi og verða ekki aðskilin. Foreldrajafrétti og jafn réttur karla og kvenna í atvinnulífinu er sitt hvor hlíðin á sama teningnum.

Það er óumdeilt að lög um fæðingar- og foreldraorlof hafa orðið til þess að feður taka meiri þátt í umönnun barna og það gefur komum aukið rými til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Mikill fjöldi foreldra sem velur að annast börn sín til jafns eftir skilnað eða sambúðarslit má að öllum líkindum rekja til áhrifa frá lögum um fæðingar- og foreldraorlof.

Foreldrar á Íslandi standa frammar foreldrum í öðrum löndum þegar kemur að því að deila með sér umönnun barna þegar foreldrar búa ekki saman. Þetta gera foreldrar á Íslandi þrátt fyrir að Barnalög nr. 76/2003 með síðari breytingum torveldu slíka samvinnu fremur en að styðja við hana.

Lengri sjálfstæður réttur foreldra til fæðingarorlofs mun að öllum líkindum styrkja tengsl barna við báða foreldra, auka kynja jafnrétti á vinnumarkaði og auka á samvinnu foreldra.

Fyrir hönd Félags um foreldrajafrétti,



Heimir Hilmarsson, formaður

Nefndasvið Alþingis,
Velferðarnefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is



Reykjavík, 3. desember 2020

Efni: Umsögn félagsins Femínísk fjármál um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 323. mál, 151. löggjafarþings 2020-2021.

Félagið Femínísk fjármál fagnar frumvarpi um ný heildarlög um fæðingar- og foreldraorlof og lengdum samanlögðum rétti foreldra til fæðingarorlofs. Félagið styður heilshugar þá tillögu að fæðingarorlofsréttur verði sem jafnastur og að foreldrar eigi sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í sex mánuði hvort um sig, með heimild til að framselja einn mánuð á milli foreldra.

Markmið laganna eru skýr; að tryggja barni samvistir við báða foreldra og að gera foreldrum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Sú lausn sem lögð er til í frumvarpinu (þ.e. 6 mánaða sjálfstæður og jafn réttur) er líklegust til árangurs að okkar mati. Við það fyrirkomulag sem hefur verið í gildi þá nýta 90% mæðra allan sameiginlega réttinn og aðeins um 10% feðra nýta eitthvað af sameiginlega réttinum. Það er því ljóst að það þarf að grípa til aðgerða til að auka þátttöku feðra í fæðingarorlofi.

Jafn sjálfstæður réttur foreldra mun hafa víðtæk áhrif á stöðu og tækifæri kynjanna á vinnumarkaði. Lögin fela í sér tækifæri til að jafna aðstöðumun karla og kvenna á vinnumarkaði og draga úr kynbundnum launamun og hafa áhrif á tækifæri til starfsþróunar og lífeyrisréttindi í framtíðinni. Fæðingarorlofskerfi sem hvetur til lengri fjarveru kvenna frá vinnumarkaði stuðlar að veikari stöðu þeirra á vinnumarkaði, fjárhagslegu óöryggi kvenna og eykur hættu á að þær verði fjárhagslega háðar maka sínum. Þá eiga allir foreldrar rétt á fæðingarorlofi með börnunum sínum rétt eins og börn eiga rétt á umönnun beggja foreldra.

Jafn sjálfstæður réttur foreldra mun styrkja aðstöðu feðra gagnvart vinnuveitanda til að taka fæðingarorlof. Þrátt fyrir að réttarstaða foreldra til fæðingarorlofs sé skýr þá sýnir rannsókn Norrænu ráðherranefndarinnar að sumir feður upplifa ýmsar hindranir á vinnumarkaði, s.s. neikvæð viðmót yfirmanna, við að nýta sameiginlegan rétt foreldra til orlofs. Vinna þarf gegn ríkjandi hugmyndum um karla sem fyrirvinnur, sem kemur í veg fyrir möguleika þeirra til að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Rannsóknir sýna að orlofstaka feðra hefur skilað sér í jákvæðum viðhorfum til þátttöku í öðrum verkefnum innan fjölskyldna. Jafn og sjálfstæður réttur foreldra getur

Því leitt til jafnari fjölskylduábyrgðar og verkaskiptingu innan heimilisins, en umönnunarskyldur hafa í gegnum tíðina hvílt meira á herðum kvenna en karla.

Í frumvarpinu eru ýmsar aðrar jákvæðar breytingar eins og t.d. frekari heimildir til lengingar, framsals og tilfærslu réttinda þegar tiltekna aðstæður leyfa aðeins einu foreldri að nýta rétt sinn innan kerfisins og aukinn réttur foreldra vegna fösturláts.

Félagið vill benda á að ekki er nóg gert til að styrkja stöðu tekjulægstu einstaklinga samfélagsins og koma í veg fyrir að tekjuskerðing sem fylgir fæðingarorlofi auki hættu á að börn alist upp við fátækt. Viljum við ítreka fyrri kröfur um að farið sé í blandaða leið á útreikningi á rétti foreldra til greiðslna í fæðingarorlofi líkt og starfshópur um mótun tillögu að framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum lagði til, þ.e. að auk hækkunar á hámarksgreiðslu sem tók gildi 1. janúar 2019 verði **greiðslur sem samsvara lágmarkslaunum óskertar**. Jafnframt leggur félagið til að **fæðingarstyrkir til násmanna og fólks sem staðið hefur utan vinnumarkaðar verði endurskoðaðir og hækkaðir**.

Áfram verða til staðar áskoranir til að auka jafnrétti á vinnumarkaði, m.a. þegar kemur að því að **brúa bilið milli fæðingarorlofs og dagvistunar** og félagið kallar því eftir aukinni áherslu stjórnvalda á að bæta það kerfi til hagsbóta fyrir foreldra, börn og samfélagið allt.

Hagsmunum barna er til framtíðar best borgið með að skapa samfélag jafnréttis. Því skorar félagið á Velferðarnefnd Alþingis að samþykkja fyrirkomulag á skiptingu fæðingarorlofs þannig að það stuðli að jafnri þátttöku og jafnri ábyrgð beggja foreldra, sem og rétti barna til að njóta samvista við báða foreldra.

Virðingarfyllst f.h. félagsins Feminísk fjármál.
Finnborg S. Steinþórsdóttir
Freyja Barkardóttir
Sigríður Finnbogadóttir
Steinunn Rögnvaldsdóttir



Akureyri, 3.12.2020

Varðandi: Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof. 323. mál, lagafrumvarp, 151. löggjafarþing 2020–2021.

Umsögn: Félags íslenskra fæðinga og kvensjúkdómalækna (FÍFK).

Umsögnin hér að neðan er samhljóða þeirri sem FÍFK sendi í samráðgátt til félagsmálaráðuneytisins 7.10.2020.

FÍFK fagnar endurskoðun laga um fæðingar- og foreldraorlof. Það er einnig fagnaðarefni að fæðingarorlof hefur lengst með árunum bæði fyrir mæður og feður.

Það eru mörg álitamál sem koma upp við endurskoðun sem þessa. Hér verður einblínt á málefni út frá læknisfræðilegu sjónarmiði því í hópnum sem endurskoðaði lögin var ekki fulltrúi frá þeim heilbrigðisstéttum sem annast konur á meðgöngu og eftir fæðingu.

Það er álit FÍFK að það sé löngu kominn tími til að setja inn ákvæði um fæðingarorlof – meðgönguorlof frá 36 vikum meðgöngu sem dregst ekki frá réttindum eftir fæðingu.

Það er mikið álag á konur á seinni hluta meðgöngu jafnvel þó þær séu í eðlilegri meðgöngu án læknisfræðilega sjúkdóma eða fylgikvilla. Því er mjög algengt að þær leiti til mæðraverndar og lækna til að fá veikindavottorð vegna algengra fylgikvilla meðgöngunnar.

Í núverandi lögum eru ákvæði um að konur geti hafið fæðingarorlof fyrir fæðingu en þá skerðist tíminn eftir fæðingu samsvarandi. Það er reynsla fagfólks í mæðravernd að konur vilja ekki nýta þennan rétt því skerðir orlof eftir fæðingu.

Það er því álit FÍFK að það sé mikilvægt fyrir heilsu barnshafandi kvenna og réttlætismál að þær hafi rétt til að fara í orlof strax við 36 vikur án þess að réttindi skerðist eftir fæðingu. Sumar konur yrðu í þessu orlofi í einungis fáeina daga en einhverjar í allt að 6 vikur. Á þennan hátt yrðu konur ekki eins þreyttar og gætu betur tekist á við fæðinguna og umönnun barnsins eftir fæðingu. Orlofið yrði ekki skylda heldur gætu sumar konur ákveðið að halda áfram í vinnu. Þetta gæti orðið til þess að sumar konur reyndu að halda áfram í vinnu lengur en annars væri ef vissu að þær færu í orlof við 36 vikur.

Í núverandi kerfi eiga konur mjög mismunandi auðvelt með að fara í veikindaleyfi síðast á meðgöngu. Veikindaréttindi er mismunandi og sérlega er talið að konur af erlendu uppruna í lágláunastörfum eigi erfitt með að fara í veikindaleyfi. Með þessum breytingum myndi jafnast aðstaða kvenna síðast á meðgöngunni. Jafnframt yrði auðveldara fyrir atvinnurekendur að skipuleggja afleysingu fyrir þungaða konu.

Álag á lækna og ljósmæður mynd einnig minnka vegna kvartana um í raun eðlileg einkenni á meðgöngu og vottorðaskrif.

Í Noregi og Danmörku eru ákvæði samsvarandi þeim sem hér eru lagðar til. Við teljum að íslenskar konur eigi ekki síður en kynsystur þeirra á norðurlöndunum að hafa rétt á að hætta vinnu við 36 vikur. Þess má einnig geta að til eru sveitarfélög (Hveragerði) sem hafa ákveðið að þungaðar konur fari í orlof á launum frá 36 vikum.

Í desember 2019 skipaði Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra, þverfaglegan starfshóp um stefnumótun í barneignarþjónustu. Undirritaður formaður FÍFK er í þessum hópi og hefur umboð til að koma áfram álit hópsins. Það er sameiginlegt mat allra í hópinum að stefna ætti að því að konur á Íslandi hafi rétt til að fara í meðgönguorlof/fæðingarorlof frá 36 vikum meðgöngu án skerðingar á fæðingarorlofi eftir fæðingu. Mun þetta álit koma fram í skýrslu til heilbrigðisráðherra.

Virðingarfyllt
Fyrir hönd stjórnar FÍFK
Alexander K Smárason formaður

Félagsmálaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Velferðarnefnd Alþingis**
Sendandi: **Félags- og barnamálaráðherra**
Dagsetning: **08.12.2020**
Málsnúmer: **FRN20060204**
Bréfalykill: **02.12.01**

Efni: 3. mgr. 9. gr. frumvarps til laga um fæðingar- og foreldraorlof.

Málgreinin í frumvarpinu:

Ef foreldri er gert að sæta nálgunarbanni gagnvart barni sínu og/eða brottvísun af heimili og er af þeim völdum ófært um að annast barn sitt á fyrstu 24 mánuðunum eftir fæðingu þess færast sá réttur til fæðingarorlofs, sem stofnast hefur til skv. 1. mgr. 8. gr. og foreldri hefur ekki þegar nýtt sér, yfir til hins foreldrisins. Hið sama gildir þegar foreldri er ófært um að annast barn sitt af sömu ástæðum á fyrstu 24 mánuðunum eftir að barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Á þetta við hvort sem foreldrar fara sameiginlega með forsjá barnsins eða ekki. Lögreglustjóri eða dómstólar skulu staðfesta að foreldri muni sæta nálgunarbanni gagnvart barni sínu og/eða brottvísun af heimili á fyrrgreindu tímabili. Við tilfærsluna verður réttur þess foreldris sem sætir nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili að þeim réttindum sem hitt foreldrið hefur áunnið sér samkvæmt lögum þessum.

Skýring í greinargerð.

Er í þessu sambandi miðað við að nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili geti meðal annars verið á grundvelli laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili, nr. 85/2011, sbr. 37. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Enn fremur er gert ráð fyrir að lögreglustjóri eða dómstólar staðfesti að foreldri sæti nálgunarbanni gagnvart barni sínu og/eða brottvísun af heimili fram til þess tíma að barn nær 24 mánaða aldri eða á fyrstu 24 mánuðunum eftir að barn kemur inn á heimili vegna frumættleiðingar eða töku í varanlegt fóstur. Er þannig komið til móts við þau börn sem þar eiga í hlut þannig að þau eigi möguleika á að njóta samvista við foreldri í jafn langan tíma og önnur börn. Við tilfærslu réttinda er gert ráð fyrir að réttur þess foreldris sem sætir nálgunarbanni og/eða brottvísun af heimili verði að þeim réttindum sem hitt foreldrið hefur áunnið sér innan fæðingarorlofskerfisins.

Nánari skýring.

Í 37. barnaverndarlaga er kveðið á um að þyki barnaverndarnefnd heilsu eða lífi ófædds barns stefnt í hættu eða barni háski búinn af háttsemi eða framferði manns, svo sem vegna ofbeldis, ógnana eða hótana eða vegna vímuefnaneyslu eða annars athæfis, geti nefndin krafist þess fyrir dómi að viðkomandi verði bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðrum hætti í samband við barn eða þungaða konu. Enn fremur er með sama hætti heimilt að krefjast þess að manni verði bönnuð dvöl á heimili ef nefndin telur það nauðsynlegt vegna hagsmuna barns eða þungaðrar konu. Um málsmeðferð gilda að öðru leyti ákvæði laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili.

Umrædd 3. mgr. 9. gr. frumvarpsins var unnin í samstarfshópnum sem vann að samningu frumvarpsins. Það sem er sameiginlegt með málgreinunum í 9. gr. frumvarpsins er ákveðinn ómöguleiki á samvistum barns við foreldri vegna nánar tilgreindra ástæðna. Það eru því ávallt einhverjar aðstæður sem gera það að verkum að barn getur ekki notið samvista við báða foreldra og þykja þessar tilteknu undanþágur því ekki ganga gegn markmiðum frumvarpsins þess efnis að tryggja barni samvistir við báða foreldra.

Það var niðurstaða samstarfshópsins að í ljósi framangreinds markmiðs væri ekki rétt að umrædd 3. mgr. 9. gr. frumvarpsins tæki til tilvika þegar aðstæður væru með þeim hætti að ekkert væri að samskiptum þess foreldris sem sætir nálgunarbanni gagnvart hinu foreldrinu við barn sitt. Þannig var það niðurstaða hópsins að foreldri geti í ákveðnum tilvikum verið í góðum tengslum og samskiptum við barn sitt þrátt fyrir að sæta nálgunarbanni gagnvart hinu foreldrinu. Það var því mat samstarfshópsins að verið væri að ganga gegn markmiði laganna um að tryggja barni samvistir við báða foreldra ef málsgreinin yrði með þeim hætti að nægjanlegt væri að nálgunarbann gagnvart hinu foreldrinu væri til staðar og því bæri að miða eingöngu við tilvik þar sem um væri að ræða nálgunarbann gagnvart barni.

Alþingi
Nefndasvið
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 6. desember 2020

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof. 151. löggjafarþing
2020-2021. Þingskjal 375 - 323. mál. Stjórnarfrumvarp.**

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar tækifærið til að gefa umsögn við frumvarp til nýrra laga um fæðingar- og foreldraorlof. Félagið fagnar framlögðu frumvarpi og tekur undir nauðsyn þess að aðlaga fæðingarorlofskerfið þeirri þróun sem hefur orðið í samfélaginu síðastliðna tvo áratugi, meðal annars þegar kemur að jafnréttismálum og stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Um er að ræða réttindi foreldra á innlendum vinnumarkaði til fæðingar- og foreldraorlofs auk þeirra sem eru utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfshlutfalli og foreldra í fullu námi til fæðingarstyrks. Fram kemur að markmið lagana sé að tryggja barni samvistir við báða foreldra og gera foreldrum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Með bréfi dags. 7. október 2020 gerði Félagsráðgjafafélag Íslands athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um fæðingar- og foreldraorlof vegna áforma um að stytta það tímabil sem foreldrar hafa til þess að nýta rétt sinn til töku fæðingaorlofs úr 24 mánuðum í 18 mánuði. Félagið fagnar því að tekið hefur verið tillit til þeirra ábendinga í því frumvarpi sem liggur nú fyrir. Þannig verða hagsmunir foreldra sem fá lengingu á orlofi vegna veikinda barna eða ef orlof tefst vegna veikinda/erfiðra aðstæðna hjá foreldrum, tryggðir.

Kveðið er á um lengingu, framsal og tilfærslu á rétti foreldris til fæðingarorlofs í 9. gr. frumvarpsdraga þar sem tíunduð eru þau tilvik þar sem réttur til 12 mánaða fæðingarorlofs flyst alfarið til annars foreldris. Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar því nýmæli sem heimilar að færa rétt til töku fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks til hins foreldrisins í þeim tilvikum þegar ekki hefur reynst mögulegt að fæðra barn, ef foreldri er gert að sæta nálgunarbanni, ef foreldri á hvorki rétt til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks eða fyrirséð er að forsjarlaust foreldri muni ekki annast barns sitt á fyrstu 24 mánuðum eftir fæðingu þess. Um er að ræða sambærileg sjónarmið og eiga við í núgílandi lögum er varðar foreldri sem er ófært vegna sjúkdóms, afleiðingar slyss eða afplánun refsivistar um að annast barn sitt.

Í 23. gr. frumvarpsins kemur fram að mánaðarleg greiðsla er 80% af meðaltali heildarlauna yfir tólf mánaða tímabil og í 24. gr. kemur fram hámarksgreiðsla 600.000 kr. Beinir Félagsráðgjafafélag Íslands því til stjórnvalda að endurskoða hlutfall af tekjum og hámark greiðslu því rannsóknir sýna að það hefur ekki síður áhrif á það hvort feður taka fæðingarorlof en sjálfstæður réttur þeirra. Þá þarf að auka sveigjanleika námsmanna sem njóta fæðingarstyrks þannig að þeir geti fengið greitt hlutfallslega á móti námi líkt og tíðkast varðandi hlutfallsgreiðslur á móti vinnu.

Sem stéttarfélag er hlutverk Félagsráðgjafafélag Íslands að standa vörð um réttindi einstaklinga á vinnumarkaði, ásamt því að styðja markmið frumvarpsins um að tryggja réttindi barns til samvasta við báða foreldra sína og gera foreldrum kleift að samræma atvinnuþátttöku og

fjölskyldulíf. Lenging fæðingarorlofs í tólf mánuði er mikilvægt framfaraskref og löngu tímabært í því skyni að tryggja börnum umönnun foreldra á þessu viðkvæma tímabili í lífi þeirra. Þá er þetta mikilvægt skref í þá átt að auðvelda foreldrum að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Beinir félagið því til stjórnvalda að huga að frekari lengingu fæðingarorlofs til samræmis við það sem best gerist á Norðurlöndunum og tryggja þannig samfellu milli fæðingarorlofs og upphafs leikskólagöngu barns.

Lenging fæðingarorlofs nú, í tólf mánuði styður við heilbrigð tilfinningatengsl foreldra og barna og leggur þannig grunn að velferð barnsins í bráð og lengd. Í ljósi mikilvægi tilfinningatengsla foreldra og barna fyrir þroska og sálfélagslega heilsu barna vill Félagsráðgjafafélag Íslands beina því til stjórnvalda að huga að rétti barns til umönnunar foreldra á þessu viðkvæma tímabili ekki síður en rétt foreldra á vinnumarkaði. Því er mikilvægt að auka félags- og fjölskylduráðgjöf við foreldra á meðgöngu og á fyrstu ævimánuðum barns til tryggja enn frekar að öll börn eigi þess kost að njóta umönnunar beggja foreldra. Rík hefð er fyrir áherslu á rétt barna til umönnunar beggja foreldra en um hana er einnig kveðið í barnalögum og þingsályktun um fjölskyldustefnu. Til dæmis er mikilvægt að efla foreldrasamstarf og samband foreldra sem ekki deila lögheimili svo tryggt sé að barnið njóti umönnunar beggja foreldra á fyrstu æviárum. Einnig þarf að tryggja góða fræðslu til allra foreldra, en ekki síst foreldra sem ekki deila lögheimili, um réttindi þeirra og skyldur við barn sitt. Slík þjónusta er nauðsynleg í ljósi mikilvægis tengslamyndunar foreldra og barna fyrir líkamlega- og sálfélagslega heilsu barna og því þarf að tryggja foreldrum aðgang að ráðgjöf og stuðningi á meðgöngu og eftir fæðingu barns til að auðvelda þeim að standa saman að umönnun barns.

Félagsráðgjafar eru ein þeirra lykilfagstétta sem styðja við börn og foreldra frá meðgöngu og fyrstu árin en rannsóknir hafa sýnt að fyrsti 1001 dagurinn í æviskeiði barna leggur grunninn að velferð einstaklinga ævina á enda. Félagsráðgjafar vinna með fólki á viðkvæmum tímabilum lífsins og eru sérfræðingar í því að meta félagslega stöðu með heildarsýn að leiðarljósi og leita leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi. Því er mikilvægt að tryggja aðgengi að félagsráðgjöf innan heilsugæslu þar sem flestir foreldrar leita eftir þjónustu á þessu mikilvæga og viðkvæma tímabili í lífi fjölskyldna.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann,
formaður



Umsögn stjórnar Geðverndarfélags Íslands (GÍ) um Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, þingskjal 375 – 323. mál.

151. löggjafarþing 2020-2021

Stjórnarfrumvarp

Stjórn Geðverndarfélags Íslands fagnar þeim breytingum sem frumvarpið hefur tekið eftir gagnrýni og athugasemdir um stöðu einstæðra mæðra, sbr. 8. mgr. 9. gr frumvarpsins. Stjórnin fagnar einnig því að horfið hefur verið frá því að takmarka orlofstökuréttinn við 18 mánuði.

Stjórnin ítrekar þær athugasemdir sem hún gerði við frumvarp um breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000 með síðari breytingum (þingskjal 523) og leggur enn áherslu á að barnið, þarfir þess og heilsa, verði látið njóta forgangs umfram pólitísk markmið.

Stjórn GÍ telur kynjajafnrétti mikilvægt og þekkir til fjölda rannsókna sem styðja jákvæð áhrif umönnunar og viðveru beggja foreldra á heilsu barnsins og góð áhrif nærveru feðra á tengslamyndun.

Nauðsynlegt er að hafa í huga að réttur barna til 12 mánaða fæðingarorlofs verði ekki skertur á grundvelli jafnréttisbaráttu kynjanna eða félagslegrar stöðu foreldra. Allir foreldrar þurfa að hafa jöfn tækifæri til að vera með börnum sínum og mikilvægt er að skapa hvata fyrir feður til að nýta réttinn. Það væri til dæmis hægt að gera með því að hækka viðmið fyrir hámarksgreiðslur, skapa jákvæða samfélagslega umræðu og móta viðhorf þannig að rétturinn sé skýr og feðrum finnist eðlilegt að nýta hann. Þetta er ekki gert með lagasetningu heldur með viðhorfsbreytingu. Stjórnvöld ættu að ganga á undan með góðu fordæmi, sýna kjark og sjá til þess að báðir foreldrar eigi jafnan rétt til að taka orlof og aðstæður séu því hliðhollar að fólk nýti hann. Tengsl milli foreldra og barna eru afar mikilvæg. Við göngum út frá því að foreldrar vilji almennt vera samvistum við börn sín og tengjast þeim tilfinningaböndum. Við leggjum hins vegar áherslu á að börn séu ekki látin líða fyrir félagslega stöðu foreldra sinna og unnt sé, með rökstuðningi, að óska eftir framsali á rétti til fæðingarorlofs í þeim tilfellum sem við á. Þetta mætti útfæra í lögum m.a. með aðkomu fagfólks á þessu sviði.

Geðverndarfélag Íslands leggur áherslu á að foreldrar ráði sjálfir hvernig þeir skipta 12 mánuðum fæðingarorlofs milli sín. Fallist löggjafinn ekki á það felst í því réttlætning á því að sum börn muni ekki fá þá 12 mánuði sem þau eiga rétt á.

Reykjavík, 3.12.2020.

Stjórn Geðverndarfélags Íslands.



HVERAGERÐISBÆR

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík

Hveragerði 3. desember 2020

Efni: frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof.

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar þann 3. desember 2020 var tekið til afgreiðslu bréf frá nefndasviði Alþingis varðandi mál nr. 323.

Í bréfinu óskar Velferðarnefnd Alþingis eftir umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 323. mál. Vegna þessa samþykkti bæjarráð svohljóðandi bókun:

Bæjarráð fagnar framkomnu frumvarpi um lengingu fæðingar- og foreldraorlofs í tólf mánuði. Mikil bót verður af þessari breytingu. Bæjarráð vill þó koma á framfæri þeirri skoðun að auka beri fjölda þeirra mánaða sem foreldrar geta deilt sín á milli. Bæjarráð telur rétt að treysta foreldrum til að taka ákvarðanir hvað þetta varðar sem best henta hverri fjölskyldu fyrir sig. Aðstæður eru afar misjafnar og hætta er á að barnið fari á mis við þau réttindi sem 12 mánaða samvera með foreldrum sínum er ef fjölskyldan fær ekki tækifæri til að ráðstafa þessum tíma eins og best hentar.

Þessari afgreiðslu bæjarráðs Hveragerðisbæjar er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt,

Aldís Hafsteinsdóttir,
bæjarstjóri



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 6. desember 2020
2011047 JFK


Efni: Umsögn Jafnréttisstofu vegna frumvarps til laga um fæðingar- og foreldraorlof. Þingskjal 375, 323. mál, 151. löggjafarþing.

Jafnréttisstofa þakkar fyrir að fá að koma að umsögn sinni vegna ofangreinds máls.

Jafnréttisstofa fagnar þessu frumvarpi sem kveður á um lengingu fæðingar- og foreldraorlofs í tólf mánuði. Þá er ánægjulegt að sjá að í frumvarpinu er lagt til að foreldrar eigi sjálfstæðan rétt til töku fæðingarorlofs en Jafnréttisstofa telur að það muni stuðla að auknu kynjajafnrétti og bæta sérstaklega stöðu kvenna. Þá hafa rannsóknir sýnt að aukin þátttaka feðra í umönnun og uppeldi barna hefur jákvæð áhrif.

Stofan vill þó benda á að þrátt fyrir að verið sé að lengja fæðingar- og foreldraorlof, úr fjórum mánuðum í sex, er afar mikilvægt að hugað verði að þeim tíma milli þess sem fæðingar- og foreldraorlofi lýkur og þar til daggæsla barns er tryggð. Ísland er eina Norðurlandið þar sem börn eiga ekki lögbundinn rétt til dagvistunar og hvetur Jafnréttisstofa til þess að sú umræða verði tekin.

Jafnréttisstofa fagnar þessu frumvarpi og hvetur til þess að það verði að lögum.


Jón Fannar Kolbeinsson
lögfræðingur



2. desember 2020
Hallveigarstöðum, Reykjavík

Efni: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof. Þingskjal 375, 323. mál, 151. löggjafarþing

Kvenréttindafélag Íslands fagnar framkomnu frumvarpi sem kveður á um lengingu fæðingar- og foreldraorlofs í tólf mánuði og jafnan rétt foreldra til þessa orlofs. Kvenréttindafélagið fagnar sérstaklega að í frumvarpinu sé réttinum til fæðingar- og foreldraorlofs deilt jafnt á milli foreldra, réttarbót sem mun stuðla að bættri stöðu kvenna og auknu kynjajafnrétti hér á landi.

Í frumvarpinu er sjálfstæður réttur foreldra til fæðingarorlofs lengdur í sex mánuði úr fjórum, þar af einn mánuður framseljanlegur. Þessi lenging á fæðingarorlofinu er löngu tímabær og er mikill stuðningur fyrir fjölskyldur á landinu.

Frumvarpið sem nú er lagt fyrir Alþingi er sterkara eftir samráð í samráðsgátt stjórnvalda fyrr á árinu. Sveigjanleiki foreldra hefur verið aukinn með því að leggja til lengri rétt til töku fæðingarorlofs í 24 mánuði (8. gr.). Staða einstæðra foreldra hefur enn fremur verið styrkt með auknu svigrúmi til að veita forsjáforeldri rétt til tólf mánaða fæðingarorlofs í þeim tilfellum ef fyrrséð er að forsjárlaust foreldri muni ekki annast barn sitt á fyrstu 24 mánuðunum eftir fæðingu, frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur (9. gr.). Einnig er nú lagt til að hægt sé að færa allan rétt á eitt foreldrið ef hitt foreldrið á ekki rétt á fæðingarorlofi hér á landi eða í öðru ríki (29. gr.). Staða fjölskyldna í dreifbýli hefur enn fremur verið styrkt eftir samráð, en lagt er til að barnshafandi foreldri verði veittur sérstakur styrkur vegna skerts aðgengis að fæðingarþjónustu í þeim tilvikum þegar það þarf að mati sérfræðilæknis að dvelja fjarri heimili sínu í tiltekinn tíma (43. gr.). Enn fremur hefur fæðingarstyrkur til foreldri utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfi eða í fullu námi verið hækkaður og lagt til sveigjanleika um aukna hækkun (38. gr.), þó enn séu grunngreiðslur til þessara foreldra afar lágar og mikilvægt fyrir okkur að huga að því hvernig við getum styrkt alla hópa í samfélaginu.

Kvenréttindafélag Íslands hefur frá árinu 1944 barist fyrir fæðingarorlofi, fyrstu áratuginu til að ná fram rétti allra kvenna á Íslandi til fæðingarorlofs og frá árinu 1992 fyrir sérstökum rétti karla til fæðingarorlofs með „að öllu leyti sömu kjör og konur“, eins og kom fram í stefnuskrá sem samþykkt var á landsfundi Kvenréttindafélagsins það ár.

Sjálfstæður réttur feðra til fæðingarorlofs sem Alþingi setti í lög árið 2000 hefur verið eitt stærsta skrefið sem Ísland hefur tekið til að tryggja þátttöku kvenna í samfélaginu, hvort sem er úti á vinnumarkaðnum eða í stjórnmálum. Í þessu frumvarpi er næsta skref tekið í átt til jafnréttis, öllum til heilla, að tryggja jafnan rétt beggja foreldra til fæðingarorlofs, að hvort foreldri fái sex mánuði með einum mánuði framseljanlegum.

Kvenréttindafélag Íslands hefur umsjón með vefsíðunni Betrafæðingarorlof.is þar sem birtar eru staðreyndir byggðar á rannsóknum um fæðingarorlof á Íslandi og í nágrannalöndunum, en að síðunni standa ásamt félaginu Feminísk fjármál, FKA - félag kvenna í atvinnulífnum, ASÍ, BHM og BSRB. Þessar rannsóknir sýna skýrt að jöfn þátttaka beggja foreldra í umönnun og uppeldi barna er öllum fyrir bestu, börnunum, foreldrunum, fjölskyldunum og samfélaginu.

Sjálfstæður réttur feðra til fæðingarorlofs á Íslandi hefur orðið til þess að feður taka meiri þátt í umönnun barna sinna, eykur samvinnu foreldra og minnkar líkurnar á skilnaði (sjá betrafæðingarorlof.is/fjolskyldur). Jafnt fæðingarorlof og virk þátttaka feðra í umönnun barna hefur jákvæð áhrif á alhliða þroska þeirra og eftir að feður öðluðust sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs hafa samskipti feðra og ungmenna batnað jafnt og þétt á Íslandi og eru nú þau bestu í heimi (sjá betrafæðingarorlof.is/bornin).


Rannsóknir sýna enn fremur að jafnt fæðingarorlof og virk þátttaka beggja foreldra í umönnun og uppeldi barna bætir stöðu einstæðra foreldra. Einstæðir foreldrar búa frekar við fátækt og viðkvæmar félagslegar aðstæður en foreldrar í sambúð eða hjónabandi. Góð foreldrasamvinna dregur úr líkum á fjárhagserfiðleikum þeirra þar sem hún tryggir báðum foreldrum betri tækifæri til stöðugar atvinnuþátttöku og tekjuöflunar (sjá betrafæðingarorlof.is/fjolskyldur).

Að sama skapi bætir jafnt fæðingarorlof stöðu kvenna á vinnumarkaði, en of löng fjarvera kvenna frá vinnu hefur neikvæð áhrif á stöðu þeirra á vinnumarkaði. Það hefur sýnt sig að jafnt fæðingarorlof eykur líkurnar á því að mæður fari aftur í fulla vinnu eftir að hafa eignast barn. Einnig styrkir sjálfstæður réttur feðra til fæðingarorlofs stöðu karla á vinnumarkaði, þar sem skýr skipting fæðingarorlofs milli foreldra er styrkur fyrir feður í samningaviðræðum við atvinnurekendum (sjá betrafæðingarorlof.is/vinnumarkadur).

Kvenréttindafélag Íslands ítrekar enn og aftur að nauðsynlegt sé að brúa bilið á milli þegar fæðingar- og foreldraorlofi lýkur og þegar daggæsla barna er tryggð. Jafnvel eftir þá lengingu fæðingar- og foreldraorlofs sem um ræðir í þessu frumvarpi, stendur eftir eitt ár sem foreldrar hafa ekki tryggða daggæslu, og 17 mánuðir fyrir suma einstæða foreldra. Ísland er eina Norðurlandið þar sem börn hafa ekki lögbundinn rétt til dagvistunar. Áriðandi er að við innleiðum lög um dagvist og tryggjum fjármögnun fyrir dagvistun allra barna óháð hjúskaparstöðu foreldra frá þeim tíma þegar fæðingarorlofsrétti lýkur.

Einnig bendir Kvenréttindafélag Íslands að jafnréttismat hefur ekki verið gert á áhrifum þessa frumvarps. Samkvæmt innleiðingaráætlun um kynjaða fjárlagagerð samþykkt í ríkisstjórn 19. júní 2015 var hverju ráðuneyti gert skylt að framkvæma jafnréttismat á frumvörpum „sem talin eru hafa miðlungs eða mikil áhrif á stöðu kynjanna“, og átti frá og með 2019 kynjagreining að fylgja öllum þeim frumvörpum. Kvenréttindafélag Íslands telur augljóst að lög um fæðingar- og foreldraorlof muni koma til með að hafa mikil áhrif á stöðu kynjanna. Þörfin á að framkvæma jafnréttismat í þessu tilviki ætti því að vera augljós.

Kvenréttindafélag Íslands hvetur Alþingi til að samþykkja þetta frumvarp sem kveður á um lengingu fæðingar- og foreldraorlofs í tólf mánuði og jafnan rétt foreldra til þessa orlofs.



Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir
framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands



Umsögn Ljósmaðrafélags Íslands við frumvarpi til laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000

Ljósmaðrafélag Íslands (LMFÍ) telur það vera mikið framfaraskref að með frumvarpinu sé verið að lengja fæðingarorlof foreldra í samtals 12 mánuði og með því stigið skref í að jafna hlut kynjanna á vinnumarkaði. Að mati félagsins ætti réttur til fæðingarorlofs og fæðingarstyrks þó fyrst og fremst að vera réttur barnsins til samvista við foreldra en ekki öfugt. Félagið hefur áhyggjur af því að sú tekjurýrnun sem fylgir fæðingarorlofi hafi það í för með sér að með fyrirhuguðu fyrirkomulagi sjái tekjuháir og tekjulágir foreldrar sér ekki fært að nýta sér orlofið að fullu. Að auki er ekki tekið tillit til mismunandi aðstæðna fólks sem hefur úrslitaáhrif á það hvernig framkvæmdin kemur út í reynd. Þar með er hætta á að hið mikla framfaraskref að lengja orlofið gagnist ekki.

Brjóstgjöf

Þjóðhagslega hagkvæmt er að styðja við brjóstgjöf. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) og Embætti landlæknis hvetja mæður til brjóstgjafar fyrsta árið og til allt að tveggja ára aldurs. Fæðingarorlof ætti að vera í samræmi við leiðbeiningar þessara stofnana. Brjóstgjöf er mikil skuldbinding og henni getur fylgt álag sem samræmist illa fullri vinnu. Því er ekki samræmi í því að hvetja til 6 mánaða brjóstgjafar eingöngu og brjóstgjafar í a.m.k. ár samhliða fastri fæðu og að móðir byrji að vinna eftir 6 eða 7 mánuði. Því er líklegt að mæður með börn á brjósti kjósi að vera lengur heima án tekna, dreifi orlofinu eða fari í hlutastarf eftir að orlofi þeirra lýkur. Enda sýna tölur að 85% mæðra taka 6 mánaða orlof og 75% þeirra dreifa orlofinu, í flestum tilvikum á 12 mánuði. Það hefur áhrif á lífeyrisgreiðslur þeirra og ráðstöfunartekjur að vera ekki með fullar tekjur í heilt ár.

Meðgönguorlof

LMFÍ telur að fæðingarorlof móður ætti að hefjast við 36 vikna meðgöngu svo ekki þurfi að koma til veikindaleyfis í lok meðgöngu. Þannig er það til dæmis í Danmörku og Noregi. Því leggur LMFÍ til að konur geti hætt að vinna undir lok meðgöngu og þegið meðgönguorlofsbætur án þess að gengið sé á veikinda- og fæðingarorlofsrétt þeirra. Meðgönguorlofsbætur þessar verði þar með aðskildar þeim 6 mánuðum sem mæður fá eftir fæðingu barnsins.

Samantekt:

- LMFÍ leggur til að hvort foreldri um sig hljóti sjálfstæðan rétt til 6 mánaða í fæðingarorlof, en að rétturinn sé framseljanlegur að nokkru eða fullu leyti til hins foreldrisins.
- Að auki geti mæður tekið meðgönguorlof frá 36 vikna meðgöngu svo ekki þurfi að koma til veikindaleyfis í lok meðgöngu.



Athugasemdir við greinar frumvarpsins

„Frumvarp þetta er því meðal annars lagt fram í því skyni að tryggja að lögin um fæðingar- og foreldraorlof nái enn frekar markmiðum sínum þess efnis að tryggja barni samvistir við báða foreldra sína og að gera báðum foreldrum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf, sbr. 2. gr. laganna.“

Fyrri aðgerðir stjórnvalda hafa miðað að því að hækka hámarksgreiðslur til foreldra sem nýta rétt sinn til fæðingarorlofs í því skyni að auka möguleika þeirra, ekki síst fedra, til að fullnýta rétt sinn innan kerfisins. Ef hámarksgreiðslur eru ekki hækkadar enn frekar samhliða fyrirhuguðum aðgerðum eða sveigjanleiki aukinn til að skipta orlofinu eftir því sem hentar fjölskyldunni, er hætt á að það foreldri sem er tekjuhærra fullnýti ekki sinn hluta orlofsins. Þar sem einungis einn mánuður er framseljanlegur á milli foreldra má því búast við því að tekjuhærra foreldrið, sem oftast er faðir barnsins, muni ekki fullnýta sína fimm mánuði ef hann framselur einn mánuð. Þá misheppnast markmiðið um að tryggja barni meiri samvist við báða foreldra sína.

„Samkvæmt upplýsingum frá Fæðingarorlofssjóði nýtir stærstur hluti fedra einungis sinn sjálfstæða rétt til fæðingarorlofs. Samkvæmt upplýsingum frá Fæðingarorlofssjóði er því rík tilhneiging héraendis að mæður nýti þann tíma fæðingarorlofs sem er sameiginlegur hjá foreldrum.“

LMFÍ leggur til að hvort foreldri fyrir sig hljóti 6 mánaða sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs. Foreldrum sé hins vegar gefinn kostur á að framselja ad minnsta kosti 2 mánuði af 6 til hins foreldrisins með sérstakri umsókn til Fæðingarorlofssjóðs. LMFÍ telur að ef rétturinn til fæðingarorlofs sé ánafnaður hvoru foreldri fyrir sig séu minni líkur á að annað foreldrið framselji eins mikið af réttinum til hins foreldrisins og ef rétturinn er að hluta til sameiginlegur.



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 6. desember 2020

2011056SA KB/bg
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 323. mál.

Vísað er til umsagnarbeiðni velferðarnefndar Alþingis, dags. 25. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 323. mál.

Helstu breytingar á frumvarpinu frá því að það var til umfjöllunar í samráðsgátt er að nú er lagt til að barnshafandi foreldri verði veittur sérstakur styrkur vegna skerts aðgengis að fæðingarþjónustu í þeim tilvikum þegar það þarf að mati sérfræðilæknis að dvelja fjarri heimili sínu, fyrir áætlaðan fæðingardag barns, í tengslum við nauðsynlega þjónustu vegna fæðingar barns.

Sambandið fagnar mjög þessari breytingu enda er hún í samræmi við óskir sambandsins er komu fram í umsögn við frumvarpið er það var í samráðsgátt stjórnvalda.

Að öðru leyti vísar sambandið til fyrri umsagnar við frumvarpið sem er meðfylgjandi.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félagsmálaráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík 7. október 2020

2010006SA KB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof – Mál nr. 195/2020

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda þann 23. september sl. þar sem óskað var eftir umsögn um ofangreind drög að frumvarpi. Í tilefni þess að árið 2020 voru tuttugu ár liðin frá gildistöku laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof skipaði félags- og barnamálaráðherra samstarfshóp í september 2019 sem hafði það hlutverk að vinna að heildarendurskoðun laganna. Sambandið átti fulltrúa í þeim samstarfshóp. Er frumvarpið afrakstur vinnu hópsins.

Í frumvarpinu eru helstu breytingar sem lagðar eru til á gildandi lögum eftirfarandi:

- Lagt er til að skipting fæðingarorlofsréttar verði sem jöfnust milli foreldra þannig að foreldrar geti nýtt sex mánuði hvor um sig en þó verði heimilt að framselja einn mánuð á milli foreldra sé þess óskað í því skyni að koma til móts við aðstæður fjölskyldna.
- Lagt er til að stytta verði það tímabil sem foreldrar hafa til þess að nýta rétt sinn til töku fæðingarorlofs/fæðingarstyrks. Samkvæmt gildandi lögum er þetta tímabil 24 mánuðir en lagt er til að það verði stytta í 18 mánuði.
- Lagðar eru til frekari heimildir til yfirfærslu réttinda til fæðingarorlofs/fæðingarstyrks milli foreldra þegar annað foreldri getur ekki af nánar tilgreindum ástæðum nýtt rétt sinn innan kerfisins.
- Lagt er til að tilkynning til vinnuveitanda skuli berast með átta vikna fyrirvara ef fyrsta tilkynning um töku fæðingarorlofs kemur eftir að barn er fætt. Er það sama tímamark og þegar tilkynnt er um töku fæðingarorlofs áður en barn er fætt.

Stefnumörkun sambandsins

Í stefnumörkun sambandsins 2018-2022 segir:

Sambandið beiti sér fyrir því að fæðingarorlof verði lengt í 12 mánuði án þess að það leiði til skerðingar á greiðslum til foreldra. Teknar verði upp viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun leikskóladvalar að fæðingarorlofi loknu.

Styður því sambandið heilshugar að réttur til fæðingar- og foreldraorlofs sé lengt í 12 mánuði líkt og lagt er til í frumvarpinu.

Sjálfstæður réttur feðra til fæðingar- og foreldraorlofs og áhrif þess á skóla- og félagsþjónustu sveitarfélaga

Í frumvarpsdrögunum er lagt til að samanlagður réttur foreldra til fæðingarorlofs annars vegar og fæðingarstyrks hins vegar lengist úr 10 mánuðum samkvæmt

gildandi lögum í tólf mánuði vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2021 eða síðar. Þá er lagt til að rétturinn skiptist þannig milli foreldra að sjálfstæður réttur hvors foreldris fyrir sig verði sex mánuðir en að foreldrar geti framselt einn mánuð á milli sín sé þess óskað. Má því í raun segja að sjálfstæður réttur hvors foreldris sé 5 mánuðir en sameiginlegur réttur sé 2 mánuðir.

Sú tillaga að tryggja báðum foreldrum aukinn sjálfstæðan rétt til fæðingar- og foreldraorlofs mun væntanlega leiða til þess að fleiri feður taki fæðingar- og foreldraorlof. Í greinargerðinni er farið yfir jákvæð samfélagsleg áhrif umræddrar tillögu en því til viðbótar má nefna að fjöldi rannsókna hafa verið gerðar um fæðingarorlof og áhrif þess á foreldra og börn. Þar hefur meðal annars komið fram að umönnunarpátttaka feðra hefur margvísleg jákvæð áhrif á líf barna til lengri tíma, m.a. á hegðun, andlega líðan og félagslega stöðu barna, þar sem hegðunaryvandamálum drengja fækkar og sjálfstraust stúlkna eykst.¹ Mun því jafnari pátttaka beggja foreldra, hafa jákvæð áhrif á hegðun, andlega líðan og félagslega stöðu barna sem á sama tíma ætti að minnka álag á skóla- og félagsþjónustu sveitarfélaga. Hafa þarf í huga að fyrsta ár barns hefur afgerandi áhrif á framtíðarheilbrigði og vellíðan og þar gegna báðir foreldrar lykilhlutverki. Getur það því haft mikil áhrif á álag innan félags- og skólaþjónustu hvernig umönnun barna er háttað á fyrstu árum þess, jafnvel áður en barn hefur leik- eða grunnskólagöngu.

Einnig hafa erlendar og íslenskar rannsóknir sýnt að skilnaðir eru fágætari í fjölskyldum þar sem feður hafa tekið fæðingarorlof en í þeim fjölskyldum þar sem þeir hafa ekki gert það.² Einstæðir foreldrar kljást við aðstöðumun á heimili, vinnumarkaði og í opinberri stefnumótun³. Börn einstæðra foreldra alast upp við lakari uppeldisskilyrði og ójöfn tækifæri samanborið við börn foreldra í hjónabandi/sambúð.⁴ Hærra hlutfall einstæðra foreldra sækir um fjárhagsaðstoð og hærra hlutfall einstæðra búa við fátækt og félagslega einangrun og eiga erfiðara með að láta enda ná saman⁵. Allt þetta leiðir til aukins álags á skóla- og félagsþjónustu sveitarfélaga.

Að auki hefur komið fram að orlofspátttaka einstæðra feðra bætir stöðu einstæðra mæðra. Einstæðir feður sem taka fæðingarorlof eru líklegri til að taka jafnan þátt í umönnun barns eftir að fæðingarorlofi lýkur og ef einstæður faðir tekur jafnan þátt

¹ Sarkadi, A., Kristiansson, R., Oberklaid, F. & Bremberg, S (2008). Fathers' involvement and children's development outcomes: a systematic review of longitudinal studies. *Acta Paediatrica*, 97, 153-158.

² Lappegard, Trude, Ann-Zofie Duvander, Gerda Neyer, Ida Viklund, Synöve N. Andersen & Ólóf Garðarsdóttir 2019. Fathers' Use of Parental Leave and Union Dissolution. *European Journal of Population*, 1-25. Olafsson, A., & Steingrimsdóttir, H. (2019). How Does Daddy at Home Affect Marital Stability? *The Economic Journal*. Steingrimsdóttir, Herdis and Arna Vardardóttir. 2014. Domestic Equality and Marital Stability. Does Paternity Leave affect Divorce Risk. Copenhagen Business School Working paper.

³ Nieuwenhuis, R. & Maldonado, L. C. (Eds.). 2018. The triple bind of single-parent families: resources, employment and policies to improve well-being. Bristol: Policy Press.

⁴ Blofield, M., et al. 2018. Pluralization of families. In *International panel on social progress (IPSP), Rethinking society for the 21st century: Report of the International Panel on Social Progress* (pp. 677-712). Cambridge: Cambridge University Press.

⁵ Hagstofa Íslands. Talnaefni sótt á vef Hagstofu Íslands.

Í umönnun barns er líklegra að einstæða móðirin eigi auðveldara með að láta enda ná saman á fjórða aldursári barns. Þ.e.a.s. orlofsþátttaka einstæðra feðra og áframhaldandi umönnunarþátttaka þeirra skilar sér í bættri fjárhagslegri stöðu einstæðra mæðra með jákvæðum áhrifum á bæði mæður og börn.⁶ Börnum einstæðra foreldra vegnar einnig almennt betur ef foreldrar sameinast um umönnun barns.⁷ Ásamt því sem atvinnuþátttaka mæðra dregur úr fátækt og ójöfnuði.⁸

Aukinn sjálfstæður réttur feðra til fæðingar- og foreldraorlofs mun því skila sér í minna álagi á skóla- og félagsþjónustu sveitarfélaga því orlofstaka feðra hefur jákvæð áhrif á börn, mæður og feður, hvort sem um er að ræða foreldra í sambandi eða einstæða foreldra.

Sjálfstæður réttur feðra til fæðingar- og foreldraorlofs og áhrif þess á jafnréttismál sveitarfélaga

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skulu sveitarfélög skipa jafnréttisnefndir og gera jafnréttisáætlun til fjögurra ára, þar sem m.a. komi fram hvernig unnið skuli að kynjasambættingu á öllum sviðum ásamt framkvæmdaáætlun um það hvernig leiðréttá skuli mismun á stöðu kvenna og karla innan sveitarfélagsins. Með jafnri skiptingu fæðingarorlofs verður verkaskipting kynjanna á heimilinu jafnari sem eykur möguleika beggja foreldra til velgengni á vinnumarkaði. Styður því jöfn skipting fæðingar- og foreldraorlofs við lögbundna skyldu sveitarfélaga þegar kemur að jafnrétti milli kynjanna.

Jöfn skipting fæðingarorlofs styður við ábyrgð sveitarfélaga í jafnréttismálum og eykur líkur á að jafnrétti verði náð innan heimilis og í atvinnulífi.

Frumvarpið tryggir aukinn rétt beggja foreldra til fæðingarorlofs miðað við núverandi aðstæður.

Í umræðu um frumvarpið hefur mikið verið rætt um frelsi fjölskyldna til að ákveða hvað henti þeim og barni/börnum þeirra best. Í því samhengi þykir rétt að benda á að jafnvel þótt að nú sé kveðið á um jafna skiptingu fæðingar- og foreldraorlofs þá geta foreldrar afsalað sér einum mánuði til hins foreldris. Það þýðir að annað foreldrið getur tekið allt að 7 mánaða fæðingarorlof ef frumvarpið verður að lögum en í dag getur annað foreldri að hámarki aðeins tekið 6 mánaða fæðingar- og foreldraorlof. Í frumvarpinu er því boðið upp á meiri sveigjanleika en áður þekktist fyrir annað foreldri til að vera lengur heima en á sama tíma tryggt að réttindi barns til samvista við báða foreldra sé tryggt sem og réttur beggja foreldra til samvista við barn.

Í umsögnum við frumvarpsdrögin hefur einnig verið tíðrætt um mikilvægi brjóstgöngu og því verði að tryggja aukinn sveigjanleika fyrir mæður til að vera lengur í fæðingarorlofi. Samkvæmt World Health Organization (WHO) er mælt með því að barn nærast eingöngu á brjóstamjólk fyrstu 6 mánuðina en eftir það skuli

⁶ Lárusdóttir & Eydal, Niðurstöður úr PhD rannsókn Írisar Daggar Lárusdóttur (óbirtar)

⁷ Teubert, D. & Pinquart, M. 2010. The association between coparenting and child adjustment: A meta-analysis. *Parenting: Science and Practice*, 10(4), 286-307.

⁸ Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson, 2014 + ofl.

auka inntöku á annarri fæðu samhliða brjóstagiöf⁹. Löggjöfin tryggir að allar mæður geti verið heima í a.m.k. 6 mánuði, hugsanlega 7 mánuði ef hitt foreldrið afsalar einum mánuði til móður og enn er til staðar sú heimild sem er í lögunum í dag, að skipta fæðingarorlofi yfir lengri tíma. Einnig þarf að hafa í huga að vinnuréttarlöggjöf veitir móður er kemur aftur til vinnu ríkulegan rétt til frítíma innan vinnutímans til að gefa barni brjóst eða mjólka sig ásamt nauðsynlegri aðstöðu til þess¹⁰.

Frumvarpið tryggir meiri sveigjanleika til foreldra til töku fæðingar- og foreldraorlofs en núgildandi lög en á sama tíma er einnig tryggður sjálfstæður réttur beggja foreldra til fæðingarorlofs og réttur barns til samvista við báða foreldra.

Önnur jákvæð áhrif frumvarpsins sem hafa óbeint áhrif á sveitarfélög

Í lagafrumvarpinu er gengið mjög langt í að tryggja rétt einstakra foreldra, þ.e.a.s. foreldra sem eru að ala upp börn ein þar sem hitt foreldri er sannarlega ekki til staðar, til þess að fá að fullu 12 mánaða fæðingarorlof. Dæmi sem hér um ræðir er t.d. dæmi þar sem ekki tekst að feðra barn, foreldri sætir nálgunarbanni eða brottvísun af heimili, foreldri getur ekki annast barn vegna veikinda eða fangelsisvistarinnar eða foreldri fellur frá.

Stytting tímabils til að nýta rétt til töku fæðingarorlofs/fæðingarstyrks

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að stytta frest til töku fæðingarorlofs úr 24 mánuðum í 18 mánuði. Fram hafa komið ábendingar um að ekki sé ráðlagt að stytta frestinn þar sem allir foreldrar hafa ekki tryggt aðgang að leikskólavist frá 18 mánaða aldri. Sambandið styður að fresturinn verði áfram 24 mánuðir þar til hægt er að tryggja öllum börnum leikskólavist a.m.k. frá 18 mánaða aldri og að þá fyrst verði tíminn stytur í 18 mánuði. Í samræmi við stefnumörkun sambandsins er hvatt til þess að teknar verði upp viðræður hið fyrsta milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnum leikskóladvalar að fæðingarorlofi loknu og þá um leið tekið undir sambærilegar ábendingar starfshópsins er vann lagafrumvarpið .

Sambandið hvetur til þess að frestur til töku fæðingarorlofs verði áfram 24 mánuðir og að ríki og sveitarfélög hefji viðræður um fjármögnun leikskóladvalar að fæðingarorlofi loknu.

Atriði er frumvarpið nær ekki utan um en mikilvægt er að leysa

Frumvarpið nær þó ekki utan um öll atriði er hugsanlega mætti kalla grá svæði fæðingar- og foreldraorlofs. Þau atriði eru þá helst aðstæður einstæðra foreldra, þ.e.a.s. þegar til staðar eru tveir foreldrar sem ekki eru í sambúð/hjónabandi og aðstæður þungaðra mæðra sem búa fjarri heilbrigðisþjónustu.

Aðstæður einstæðra foreldra

Hér er talað um einstæða foreldra þegar um er að ræða að barn sannarlega á tvo foreldra og báðir aðilar geta annast barn. Á hverju ári fæðast börn þar sem

⁹ https://www.who.int/health-topics/breastfeeding#tab=tab_2

¹⁰ Reglugerð um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti nr. 931/2000 með síðari breytingum.

foreldrar eru ekki í sambandi og er þá algengast að móðir taki allt mögulegt fæðingarorlof og oftast taki faðir lítið eða ekkert fæðingarorlof. Líkt og komið hefur fram hér að ofan hefur það jákvæð áhrif á bæði barn og foreldra ef báðir foreldrar taka fæðingarorlof og taka virkan þátt í umönnun barns frá upphafi, jafnvel þótt foreldrar séu ekki í sambúð/hjónabandi. Nú er í gangi tilraunaverkefni í Hafnarfirði í samstarfi við félagsmálaráðuneytið þar sem foreldrar er ganga í gegnum skilnað fá ráðgjöf til að tryggja að þau séu upplýst um áhrif skilnaðar á börn og hvernig best sé að vinna úr þeim aðstæðum svo börn verði fyrir sem minnstum neikvæðum áhrifum vegna skilnaðar. Sambandið hvetur til þess að félagsmálaráðuneytið hefji strax vinnu við að skoða sambærilega nálgun þegar kemur að einstæðum foreldrum er eiga von á barni. Það er samfélagslega hagkvæmt að einstæðir foreldrar fái félagsráðgjöf áður en barn fæðist og fyrstu mánuðina á eftir, á sama hátt og foreldrar barna er ganga í gegnum skilnað. Í raun myndi slík ráðgjöf falla undir snemmtæka þjónustu við börn þannig að hægt sé að búa því sem hagstæðastar aðstæður til að blómstra strax frá fæðingu.

Aðstæður þungaðra einstaklinga fjarri heilbrigðisþjónustu

Sambandið tekur undir ábendingar Byggingastofnunar um að frumvarpið tekur ekki tillit til aðstæðna fæðandi einstaklinga og fjölskyldna þeirra sem búa fjarri fæðingarþjónustu. Fram kom í vinnu starfshópsins er vann þetta frumvarp að einnig væri starfandi innan ráðuneytisins starfshópur sem hefði það hlutverk að fara yfir aðstæður verðandi foreldra á landsbyggðinni með tilliti til staðsetningar fæðingarþjónustu. Voru því aðstæður þungaðra einstaklinga fjarri heilbrigðisþjónustu lítið til umræðu en þó komu fram rök um að tryggingagjald, er stendur undir kostnaði við fæðingarorlof, ætti ekki að leysa vanda sem í raun og veru tengist aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Í raun sé um að ræða heilbrigðismál sem eigi að vera greitt af ríkinu en ekki atvinnurekendum. Sambandið vill þó taka undir umsögn Byggingastofnunar og styður heilshugar að betur sé hugað að aðstæðum þungaðra einstaklinga fjarri heilbrigðisþjónustu og komið sé til móts við þarfir þeirra og viðbótarkostnað er þær fjölskyldur verða fyrir þar sem heilbrigðisþjónustu er ábótavant.

Að lokum

Sambandið styður frumvarpið að teknu tilliti til þess að tímabil til töku fæðingarorlofs verði óbreytt frá núgildandi lögum þar til öll börn geti gengið að leikskólalássi vísu við 18 mánaða aldur.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2020

Efni: Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof

Vísað er til beiðni velferðarnefndar Alþingis dags. 25. nóvember 2020, um umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 323. mál.

Samband ungra sjálfstæðismanna (SUS) fagnar því að lengja eigi fæðingarorlof í 12 mánuði. Jafnframt fögnum við þeirri endurskoðun sem fór fram á frumvarpinu frá því að drög voru birt í samráðsgátt og snéru að tímabili réttar til töku orlofs, sem til stóð að stytta úr 24 í 18 mánuði en hefur nú verið breytt.

Hins vegar ítrekum við þá afstöðu sem við létum í ljós í umsögn okkar í samráðsgátt þann 7. október s.l. Við erum ósammála því að takmarka eigi valfrelsi foreldra til að ráðstafa fæðingarorlofinu. Réttur til töku fæðingarorlofs er réttur sem ætti fyrst og fremst að taka mið af hagsmunum barna. Því teljum við að frumvarpið, sem tekur að er virðist eingöngu mið af jöfnum rétti foreldra, takist ekki ætlunarverk sitt og stuðli í raun að annars konar ójöfnuði, svosem tekjutapi fjölskyldna eða skertu fjárhagslegu sjálfstæði í þeim tilvikum sem foreldri þarf að dreifa orlofsgreiðslum yfir fleiri mánuði en gert er ráð fyrir. Við teljum það ekki heillavænlegt að ganga á réttindi ungabarns til umönnunar eingöngu út frá jafnréttissjónarmiðum, en tillögur félags- og barnamálaráðherra bitna fyrst og fremst á börnunum sjálfum og ákvörðunarrétti fjölskyldna til að gera það sem er barninu fyrir bestu.

Við teljum brýnt að breytingar verði gerðar á frumvarpinu, hagsmunir barna verði settir í forgrunn og forræðishyggjunnunni gefið frí. Þó sjálfstæður réttur foreldra til töku fæðingarorlofs sé mikilvægur, er valfrelsi foreldra það líka. Eigi skipting fæðingarorlofs að vera skilyrt, þá ætti sú skipting að taka mið af báðum sjónarmiðum og vera í anda þeirrar skiptingar sem hefur verið við lýði hingað til, 3-3-6 eða 4-4-4.

Virðingarfyllt
f.h. Sambands ungra sjálfstæðismanna,
Halla Sigrún Mathiesen, formaður

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík



Reykjavík, 9. desember 2020

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof

Samtök atvinnulífsins hafa tekið til umsagnar frumvarp um fæðingar- og foreldraorlof, 323. mál, frá velferðarnefnd Alþingis.

Samtök atvinnulífsins styðja þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu, þ.m.t. sjálfstæðan rétt foreldra til fæðingarorlofs í allt að sex mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar barns eða töku barns í varanlegt fóstur og að foreldri verði heimilt að framselja einn mánuð af sjálfstæðum rétti sínum til hins foreldrisins. Slík tilhögun er best til þess fallin að ná markmiði laganna sem er að tryggja barni samvistir við báða foreldra og gera foreldrum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Tilgangur laganna snýr ekki einvörðungu að því að vernda heilsu móður og barns, heldur líka að bregðast við þróun á vinnumarkaði þar sem atvinnuþátttaka kvenna hefur aukist jafnt og þétt samhliða aukinni menntun þeirra, enda taka lögin til réttinda foreldra til fæðingar- og foreldraorlofs á innlendum vinnumarkaði.

Með lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 var mikilvægt skref stigið í jafnréttisátt þegar feðrum var tryggður sjálfstæður réttur til fæðingarorlofs. Fyrir þann tíma heyrði það til undantekninga að feður tækju fæðingarorlof umfram tvær vikur. Gögn frá Fæðingarorlofssjóði sýna að feður taka í langflestum tilfellum aðeins sinn sjálfstæða rétt til fæðingarorlofs og mæður taki að stærstum hluta sameiginlega réttinn. Slík ójöfn skipting mun ekki leiða okkur áfram í áttina að auknu jafnrétti. Gögn frá Noregi frá árinu 2014 sýna að feður drógu úr töku fæðingarorlofs þegar sjálfstæður réttur þeirra var stytur og juku hann aftur þegar sjálfstæði réttur þeirra var lengdur. Það er ekkert sem bendir til að önnur þróun yrði hér á landi. Sjálfstæður réttur foreldra til fæðingarorlofs, skilgreindur í lögum, hefur bein áhrif á töku fæðingarorlofs þess foreldris sem ekki gengur með barnið (feðra).

Samtök atvinnulífsins telja að sú jafna skipting fæðingarorlofs sem frumvarpið byggir á tryggi sem best samvistir barns við foreldra sína og jafna möguleika foreldra á að annast barn sitt í fæðingarorlofi, þangað til barnið kemst inn á leikskóla. án þess að það hafi í för með sér verulega röskun á vinnu foreldris. Jöfn skipting fæðingarorlofs skilar sér í jafnri fjölskylduábyrgð sem lengi vel hefur hvílt að meginhluta á herðum mæðra. Rannsóknir sýna að faðir (eða það foreldri sem ekki gengur með barnið) sem sér um umönnun barns síns í fæðingarorlofi tekur almennt jafnari ábyrgð á þeim verkefnum sem falla til innan heimilis og gerir báðum foreldrum þannig kleift að samræma betur fjölskyldu- og atvinnulíf að loknu fæðingarorlofi. Það skilar sér inn á vinnustaði foreldranna og ekki síður til barnsins þegar það vex úr grasi og hefur síðar störf á vinnumarkaði. Þannig stuðlar jöfn skipting fæðingarorlofs foreldra að jafnrétti á íslenskum vinnumarkaði.

Þróun sl. 20 ára er jákvæð en nauðsynlegt er að sú þróun haldi áfram í rétta átt m.a. með því að stuðla enn frekar að jafnrétti í töku fæðingarorlofs.

Virðingarfyllst,

Halldór Benjamín Þorbergsson,
framkvæmdastjóri

7. desember, 2020

Umsögn Samtakanna '78 um Þingskjal 375 — 323. mál.

Frumvarp félags- og barnamálaráðherra til laga um fæðingar- og foreldraorlof.


Samtökin '78 benda á að fjölskyldur eru mun fjölbreytilegri en ráða má af frumvarpinu, sem hefur þann yfirlýsta tilgang að tryggja samvistir barna við báða foreldra sína. Mörg börn eiga fleiri en tvo foreldra og rétt væri að löggjafinn tæki mið af því. Fjölskyldur hinsegin fólks eru t.d. oft samsettar frá upphafi, t.a.m. börn sem verða til þegar samkynja par og einstaklingur stofna fjölskyldu saman, eða þegar tvö samkynja pör gera það sama.

Eins og staðan er hafa þessi börn engin réttindi gagnvart sumum foreldrum sínum, því núverandi lagaumhverfi gerir ekki ráð fyrir fjölskylduformi þeirra. Við hvetjum Alþingi til þess að gera breytingar þar á.

Fyrir hönd Samtakanna '78,



Þorbjörg Þorvaldsdóttir, formaður



Daniel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík 6. desember 2020

Efni: Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof

Vísað er til beiðni velferðarnefndar Alþingis dags. 25. nóvember 2020, um umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 323. Mál.

Uppreisn - Ungliðahreyfing Viðreisnar telur það heillaskref að lengja eigi fæðingarorlofið í 12 mánuði. Þrátt fyrir að um sé að ræða skref í rétta átt mætti þó ganga lengra og lengja fæðingarorlofið í 18 mánuði. Það væri til þess fallið að brúa bilið milli fæðingarorlofs og daggæslu, ásamt því að gefa nýbökuðum foreldrum aukið svigrúm til að eyða tíma með barninu sínu, kynnast því og venjast þeim breyttu aðstæðum sem fylgja því að fá nýjan einstakling inn á heimilið.

Þá myndi lenging fæðingarorlofs í 18 mánuði, með jafnri skiptingu 9-9 og tveim framseljanlegum mánuðum, styðja kynjasjónarmið á sama tíma og foreldrar fá lengra orlofstímabil til frjálsrar ráðstöfunnar en frumvarpið gefur þeim í núverandi mynd.

Við hvetjum því eindregið til þess að frekari lenging verði tekin til skoðunar.

Haldist lengingin sem lögð er til í frumvarpinu óbreytt telur Uppreisn mikilvægt að haldið sé í jafna skiptingu orlofs milli foreldra. Rök um að foreldrar skuli hafa valfrelsi við ráðstöfun orlofs gilda vissulega þungt, en sé fullkomið kynjajafnrétti ekki til staðar er varla hægt að tala um raunverulegt valfrelsi. Kynbundinn launamunur er enn staðreynd. Ef ekki er kveðið á um jafna skiptingu í lögum og reglum um töku fæðingarorlofs má leiða líkur að því að tekjulægri aðilinn í sambandi taki drjúgan meirihluta orlofstímans, í gagnkynja samböndum er konan alla jafna sá aðili. Það að konur séu líklegri til að taka fæðingarorlof er svo notað sem afsökun fyrir kynbundnum launamun. Þetta er því vandamál sem viðheldur sjálfu sér nema skorist sé í leikinn, amk. tímabundið. Það er þannig álit Uppreisnar, að lengingu óbreyttri, að skiptingin 6-6 með einum framseljanlegum mánuði, eins og lagt er til í frumvarpinu, sé heppileg út frá stöðu kynjajafnréttis á Íslandi í dag.

Virðingarfyllst
F.h. Uppreisnar - Ungliðahreyfingar Viðreisnar
Starri Reynisson, forseti



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Nefndarsvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Vesturbyggð, 4. desember 2020
2011070 RH

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof

Vísað er til beiðni velferðarnefndar Alþingis dags. 25. nóvember 2020, um umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 323. mál. Beiðnin var tekin fyrir á 910. fundi bæjarráðs Vesturbyggðar þann 3. desember sl. og eftirfarandi bókað:

Bæjarráð felur bæjarstjóra að senda inn umsögn í samræmi við umræður að fundinum sem snúa að mismunun foreldra af landsbyggðinni sem þurfa að sækja fæðingarþjónustu um langan veg og oft á tíðum að dvelja fjarri heimilum sínum svo vikum skiptir.

Eftirfarandi er umsögn Vesturbyggðar um efni frumvarpsins.

Sveitarfélagið fagnar því nýmæli sem er að finna í frumvarpinu, þess efnis að barnshafandi foreldri verði veittur sérstakur styrkur vegna skersts aðgengis að fæðingarþjónustu, í þeim tilvikum þegar það þarf að mati sérfræðilæknis að dvelja fjarri heimili sínu, fyrir áætlaðan fæðingardag barns.

Í 43. gr. frumvarpsins er því gert ráð fyrir að foreldri geti fengið sérstakan styrk í allt að 14 daga fyrir áætlaðan fæðingardag barns. Vesturbyggð vill í þessu samhengi benda á aðstæður foreldra á sunnanverðum Vestfjörðum, þar sem verulegar vegalengdir eru í nauðsynlega fæðingarþjónustu.

Barnshafandi foreldri á sunnanverðum Vestfjörðum er að minnsta kosti gert að dvelja nær fæðingarþjónustu frá og með 38. viku meðgöngu, þar sem langt er í nauðsynlega þjónustu vegna fæðingar. Þegar uppi eru aðstæður t.d. vegna áhættumeðgöngu þá getur verið um enn lengri tíma að ræða sem barnshafandi foreldri er nauðsynlegt að dvelja fjarri heimili sínu. Ekki er óalgengt að meðganga geti varið allt fram á 42. viku og því getur barnshafandi foreldri þurft að dvelja fjarri heimili sínu á sunnanverðum Vestfjörðum í allt að 4 vikur samfallt. Sveitarfélagið hvetur því velferðarnefnd Alþingis til að skoða ákvæði 43. gr. frumvarpsins sérstaklega og lengja þann dagafjölda sem foreldri getur óskað eftir styrk.

Að mati sveitarfélagsins eru 14 dagar allt of stuttur tími, miðað við þær aðstæður sem barnshafandi foreldrar á sunnanverðum Vestfjörðum búa við, þar sem aðgengi að nauðsynlegri fæðingarþjónustu er ekki fyrir hendi. Með vísan til framangreinds leggur



Vesturbyggð


Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Vesturbyggð því til við velferðarnefnd Alþingis að fjöldi daga skv. 43. gr. frumvarpsins verði lengdur í allt að 30 daga.

Einnig vill Vesturbyggð benda á að ákvæðið felur í sér nokkra mismunun milli foreldra, þar sem aðeins er gert ráð fyrir að barnshafandi foreldri eigi rétt á sérstökum styrk. Annað foreldrið sem jafnan fylgir barnshafandi foreldri þarf því að taka sér launalaust leyfi frá vinnu, taka á sig kostnað og tilheyrandi tekjutap vegna fjarveru frá heimili. Verður ekki annað séð en að með þessu sé ekki gætt að jöfnum rétti foreldra barnsins, hvort sem er til að styðja við barnshafandi foreldri eða að vera til staðar við fæðingu barnsins. Í einhverjum tilvikum kann ákvæðið einnig að ganga gegn jöfnum rétti kvenna og karla. Vesturbyggð telur því æskilegt að það foreldri sem ekki er barnshafandi, en þarf að dvelja með maka sínum fjarri heimili, geti óskað eftir sambærilegum styrk og tilgreindur er í 43. gr. frumvarpsins.

Verði brugðist við framangreindum athugasemdum Vesturbyggðar, má ætla að frumvarpið nái betur fram tilgangi sínum um að jafna aðstöðumun sem er á milli barnshafandi foreldra sem búa fjarri fæðingarþjónustu og barnshafandi foreldra sem búa nær fæðingarþjónustu. Þannig muni frumvarpið, verði það að lögum falla vel að þeirri mikilvægu framtíðarsýn sem birtist í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018-2024, um sem jafnast aðgengi íbúa að grunnþjónustu óháð búsetu.

Fyrir hönd Vesturbyggðar,


Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember 2020

Efni: Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof. (Mál nr. 323/2020)

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að skila inn umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof.

Viðskiptaráð vill koma eftirfarandi á framfæri:

- Viðskiptaráð telur lengingu fæðingarorlofs af hinu góða. Galli frumvarpsins er að ætlunin virðist að nýta eitt tól til að ná fjölda markmiða, t.d. kynjajafnrétti, án þess að huga að þeirri breytnu, tekjuhámarkinu, sem hefur sýnt að hafi hvað mest áhrif á töku feðra á fæðingarorlofi.
- Að takmarka nýtingu orlofsins á þennan hátt, án þess að hækka tekjuhámarkið gæti mögulega gengið gegn markmiðum frumvarpsins
- Eitt mikilvægasta jafnréttismálið felst í því að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla

Röng leið að réttu markmiði

Markmið frumvarpsins líkt og kemur fram í 2. gr. er að tryggja barni samvistir við báða foreldra og að gera foreldrum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Í greinargerð er fjallað um mikilvægi þess að auka hlut feðra hvað varðar nýtingu á sameiginlegum rétti foreldra til fæðingarorlofs þannig að meira jafnræðis gæti milli mæðra og feðra í því sambandi en nú er. Þá segir einnig að markmið laganna styðji við jafnrétti kvenna og karla á vinnumarkaði.

Viðskiptaráð telur markmiðin góð og að lenging orlofstíma sé af hinu góða. Mikilvægt er að í sífellu sé unnið að því að jafna rétt kynjanna og tryggja að auðveldlega megi samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Ráðið bendir á að samkvæmt frumvarpinu virðist sem ætlunin sé að nýta eitt tól til að ná fjölda ólíkra markmiða sem kann ekki góðri lukku að stýra. Þar að auki er það mat ráðsins að frumvarpið sé mögulega til þess fallið að auka kynjabundinn launamun.

Eftir að mánaðarlegar hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði voru skertar um 44% frá 2007 til 2008 dró úr nýtingu feðra á fæðingarorlofi.¹ Í kjölfarið fór hlutfall feðra sem fullnýttu ekki grunnrétt sinn (þrjá mánuði) vaxandi frá 2009. Árið 2018 var hlutfall feðra sem fullnýttu grunnrétt sinn 43% en hlutfall mæðra 96%. Ef tekið er tillit til þess að umsóknir feðra í sjóðinn sem hlutfall af mæðrum var 85% nýtti 51% feðra ekki grunnrétt sinn. Í ofanálag taka einungis 13% feðra lengra fæðingarorlof en þrjá mánuði.


¹ Um þetta var fjallað í tillögum starfshóps velferðarráðuneytisins um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum, sjá hér: https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/skyrslur2016/11032016_Framtidarstefna_i_daedingarorlofsmalum.pdf

Ekki fæst séð að lenging grunnréttar foreldra sé endilega til þess fallin að auka nýtingu orlofs í mörgum tilfellum og telja má afar líklegt að hlutfall feðra sem ekki nýtir sinn grunnrétt fari vaxandi.

Mynd 1

Nýting fæðingarorlofsréttar (3 mánaða)

Hlutföll



Heimild: Ársskýrsla Vinnuáætlunarnefndar 2018


Líklega eru fleiri en einn áhrifaþáttur hér að verki, en við blasir að tekjur heimilisins skipta verulegu máli varðandi fæðingarorlof, þar sem tekjurnar skerðast á meðan fæðingarorlofi stendur. Ýmis kostnaður fylgir barneignum og fjárhagslegt öryggi skiptir máli á slíkum tímum. Ef horft er á tekjudreifingu þeirra sem sækja um og nýta fæðingarorlof er hún mjög ójöfn milli kynja. Það skýrist meðal annars af kynbundnum launamun og því að feður eru að jafnaði um þremur árum eldri, en á barneignaldri vaxa tekjur fólks hvað hraðast. Hvernig dregið hefur úr nýtingu feðra á rétti sínum samhliða skertum fæðingarorlofsgreiðslum skýrist vafalítið af sömu kröftum.

Mynd 2


Umsóknir og fullnýting fæðingarorlofsréttar

Eftir mánaðartekjum í þúsundum króna árið 2017

Fjöldi umsækjenda



Umsækjendur sem fullnýta rétt



Heimild: Alþingi (Fyrirspurn um fæðingar- og foreldraorlof (150. lþ., 133. mál))

Með öðrum orðum er fjárhagslegur fórnarkostnaður feðra af fæðingarorlofi, almennt séð, umtalsvert meiri. Þess vegna er allskostar óvíst að munurinn á orlofsnýtingu foreldra minnki með lengingu grunnréttar um tvo mánuði, sérstaklega á meðan hámarksgreiðslan, sem er nálægt meðaltekjum feðra, er óbreytt.

Enn er til staðar kynbundinn launamunur körlum í hag. Lág hámarksgreiðsla eykur líkur á því að það foreldri sem hefur hærri laun nýti ekki fæðingarorlof sitt til fulls og að tekjulægra foreldrið nýti sér þá orlofsmánuði sem foreldrar eiga rétt á að skipta með sér og dreifi sínu orlofi enn frekar. Hækkun hámarksgreiðslna myndi hins vegar líklega hvetja fleiri feður til að taka lengra fæðingarorlof sem stuðlar að jafnari stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði. Hækkun þess hlutfalls meðaltals heildarlauna sem greitt er út (þetta hlutfall er nú 80%) gæti einnig aukið hvata foreldra til að fullnýta orlofsréttinn.

Virði fólgið í sveigjanleika


Eins og svo oft takast á ólík og gild sjónarmið þegar kemur að útfærslu fæðingarorlofs. Þarfir fjölskyldna eru misjafnar, fjölskylduform eru ólík og rétt að huga að því við útfærsluna. Ekki er horft nægilega vel til þessa atriða í frumvarpinu enda eykur frumvarpið ekki sveigjanleika þrátt fyrir lengri heildartíma, þar sem mælt fyrir um fækkun þeirra mánaða sem foreldrar geta ráðstafað sín á milli. Vissulega geta önnur sjónarmið eins og barátta gegn launamuni kynjanna vegið á móti sveigjanleikanum, en vegna ofangreinds er ekki að sjá að það eigi við hér. Ef ekki á að hækka hámarksgreiðslur umtalsvert samhliða lengingu eru því mjög sterk rök sem hníga að því að réttara sé að foreldrar hafi fjóra en ekki tvo mánuði til að ráðstafa sín á milli.

Nauðsynlegt er að brúa bil dagvistunar

Að brúa bilið frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til barn fær leikskólavist er eitt brýnasta viðfangsefnið í jafnréttismálum á vinnumarkaði. Sé það bil ekki brúað er erfitt að sjá hvernig markmiðum laga um fæðingar- og foreldraorlof sé náð. Í úttekt BSRB frá árinu 2017 kom í ljós að íslensk börn eru að jafnaði um 20 mánaða gömul þegar þau komast inn á leikskóla.² Vegna skorts á dagforeldrum eða öðrum sambærilegum úrræðum komast fjölmargir foreldrar síðar til vinnu en ella sem er fjárhagslega þyngjandi. Vegna kynbundins launamunar bitnar þetta oftast ekki á konum. Ekki er aðeins mikilvægt fyrir foreldra á vinnumarkaði að þetta bil sé brúað, heldur er hér um að ræða vandamál samfélagsins í heild þar sem fæðingartíðni hefur minnkað um 21% á aðeins 10 árum. Stjórnvöld þurfa að ráðast í að styrkja innviði, efla leikskólastigið og dagforeldraúrræði. Sú leið er ekki síður mikilvæg svo draga megi úr launamun kynjanna.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði endurmetið með tilliti til framangreindra athugasemda.

Virðingarfyllt,



Agla Eir Vilhjálmsdóttir,
lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

² Úttektina má nálgast hér: https://www.bsrb.is/static/files/Utgefid_efni/skyrsla-bsrb-um-dagvistunarurraedi-mai-2017.pdf

Reykjavík, 7. desember 2020
Sent með tölvupósti

Efni: Athugasemdir ÖBÍ vegna frumvarps til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 323. mál

Konur og örorka

Stærstur hluti fjölgunar örorkulífeyrisþega eru konur yfir fimmtugu (yfir 40%). Meðal endurhæfingar- og örorkulífeyrisþega undir fimmtugu eru einstæðar mæður hlutfallslega stór hópur. Konur eru á hverjum tíma 60% örorkulífeyrisþega og eykst munurinn með hækkandi aldri. Konur lifa lengur en karlar en fá færri ár við góða heilsu. Örorka er því kynjapólitískt mál.

Orsakanna gæti verið að leita í kynjaskiptingu á vinnumarkaði, þar sem konur eru í meirihluta þeirra sem vinna lágt launuð umönnunarstörf sem eru andlega og líkamlega slítandi. Einnig hafa rannsóknir sýnt að konur taka meiri ábyrgð á heimili, umönnun barna og eldri fjölskyldumeðlimum en karlar. Vinnudagur kvenna er lengri en karla ef lagðar eru saman launaðar og ólaunaðar vinnustundir.

Konur og vinnumarkaðurinn

Konur eru í miklum meirihluta þeirra sem ljúka langskólanámi en eru samt að meðaltali líklegri til að gegna láglaunastörfum en karlar. Þær gegna síður æðstu stjórnunarstöðum hjá fyrirtækjum og stofnunum en karlar. Meðalatvinnutekjur kvenna eru lægri en tekjur karla með sömu menntun.

Fæðingar- og foreldraorlof

Öryrkjabandalag Íslands fagnar lengingu fæðingar- og foreldraorlofs í 12 mánuði. Fjárhagslegar ástæður vega þungt þegar kemur að skiptingu olofsins milli foreldra. Það er því ekki að undra, miðað við launamun kynjanna, að reynslan sýni að konur hafa í langflestum tilfellum nýtt þá mánuði sem foreldrar hafa getað ráðstafað sín á milli. Það hefur einfaldlega komið best út fyrir fjárhag heimilanna.

Sveigjanleiki foreldra til að skipta með sér mánuðum í orlofinu er minni í frumvarpinu en í núgildandi lögum, einn mánuður. Það gæti þótt miður þegar horft er til þess að fjölskyldur eru margskonar. Ef annað foreldrið er t.d. örorkulífeyrisþegi og þar með með lágur tekjur, þá gæti komið sér betur fjárhagslega fyrir heimilið að hitt foreldrið tæki mun styttra fæðingar- og foreldraorlof.

Hins vegar ef horft er á frumvarpið í stærra samhengi og til lengri tíma, ekki síst með kynjagleraugum út frá örorku, þá er myndin mun jákvæðari. Reynslan sýnir að feður sem taka fæðingarorlof taka meiri ábyrgð á börnum og heimili, einnig eftir að orlofinu

lýkur. Auðvitað eiga hagsmunir barnsins að vera í fyrirrúmi og það er vissulega hagr barna að njóta umönnunar og tengsla við báða foreldra. Það styrkir stöðu feðra gagnvart vinnuveitendum þeirra til töku fæðinga- og foreldraorlofs ef þeir eiga sama rétt og mæður.

Verði frumvarpið að lögum, mun það stuðla að auknu jafnrétti kynjanna bæði á vinnumarkaði (í framgangi og launum) og innan veggja heimilanna. Það gæti því hugsanlega dregið úr því álagi sem á þátt í að valda örorku hjá konum. Öryrkjabandalag Íslands styður því frumvarpið.



Þuríður Harpa Sigurðardóttir,
formaður ÖBÍ